



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Að brynna fola í vinkeldu

Um erótík í fornaldar- og riddarasögum

Ritgerð til B.A.-prófs

Sigurður Jón Ólafsson

Janúar 2009

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Íslenska

Að brynna fola í vinkeldu

Um erótík í fornaldar- og riddarasögum

Ritgerð til B.A.-prófs

Sigurður Jón Ólafsson

Kt.: 120247-2399

Leiðbeinandi: Ásdís Egilsdóttir

Janúar 2009

Á okkar póstmódernísku tímum hættir mörgum til að steypa saman ýmsum hugtökum og gera þar með merkingu þeirra óljósa, jafnvel tilgangslausa. Fyrrum voru til að mynda nokkuð glögg skil milli listar og afþreyingar, fegurðar og lágkúru. Nú til dags virðast þessi skil næsta ógreinileg. Kannski var líka um að sakast ákveðna fordóma í garð afþreyingarefnis hvers konar. Viðhorf okkar til skemmtiefnis einkennist af meira umburðarlyndi er áður. En skemmtiefni á sér að sjálfsgöðu margar hliðar. Afþreyingar-bókmenntir geta verið af ýmsum toga og varasamt að skipa þær í ákveðinn bás. Á hinn bóginn er líka hægt að ganga of langt í þessum efnum. Það hefði líklega þótt saga til næsta bæjar fyrir nokkrum árum, ef virðuleg stofnun eins og Háskóli Íslands hefði tekið til bókmenntalegrar umfjöllunar bækur eins og þær ástarsögur sem ungað er út fjórum sinnum í mánuði eins og hverri annarri færibandavinnu.

Erótík og klám heyrir til afþreyingar í okkar iðnvædda þjóðfélagi og er óhjákvæmilegur fylgifiskur vestrænnar (ó)menningar. En oftast en ekki ruglar fólk saman hugtökunum erótík og klám. Sumar verzlánir í Reykjavík gefa sig út fyrir að vera erótískar búðir, þó þær hafi, fyrir utan hjálpartæki af ýmsum toga, lítið annað en klámvarning á boðstólum. En klám og erótík er sitthvað. Orðabók Menningarsjóðs skilgreinir klám meðal annars sem „...mynd eða annað sem beinir athyglinni að kynlífi eða kynfærum án nauðsynjar í listrænu samhengi...“ (*Íslensk orðabók* 1983:501). Klám er andstæða erótíkur að því leyti að þar er athöfnin sýnd eða henni lýst án þess að nokkuð sé undan dregið. Í þeim efnum reynir heldur ekkert á ímyndunarafli áhorfandans/lesandans.

Samkvæmt Orðabók Háskólans kemur orðið erótík fyrst fyrir í íslenskri bókmenntasögu í ferðapáttum Thors Vilhjámsson, *Undir gervitungli*, sem kom út 1959 eða fyrir rétttri hálfri öld. Í útgáfu Orðabókarinnar frá 1983 kemur erótík fyrir í viðauka hennar þar sem það er sagt merkja „ástafýsn, ástleitni, ástahneigð“ (*Íslensk orðabók* 1983:1247). Þar er meira að segja spurningamerki fyrir framan sem þýðir að þetta er vont mál, orð sem ber að forðast í íslenzku. Því miður – það hefur ekkert fundizt skárri orð í staðinn, enda orðið illþýðanlegt á íslenzku. Orð eins og ástafýsn, ástleitni og ástahneigð hafa alltof þrönga merkingu þegar kemur að bókmenntalegri túlkun. Í nýjustu útgáfu Orðabókarinnar er reyndar búið að gera hér bragarbót á. Spurningamerkið er horfið og í staðinn komin þessi skilgreining: „kynferðislegt aðdráttarafl, umfjöllun um

kynlífsnautn, lýsing á kynferðislegu aðdráttarafli“ (*Íslensk orðabók* 2002:286). Gallinn við þessa greiningu er hinsvegar sá, að hún getur allt eins átt við klám. Til að skilgreina hugtakið erótík fer líklega bezt á því að nýta skilgreininguna á klámi og umsnúa henni þannig, að neikvæð merking hennar fái jákvætt gildi. Erótík má því skilgreina á þessa lund: Lýsing eða myndræn túlkun sem beinir athyglinni að kynlífi og kynfærum í nauðsynlegu listrænu samhengi.

Með þessa skilgreiningu í huga skulum við skoða þau atriði í fornaldar- og riddarasögum okkar þar sem þetta á við. Áður en að því kemur er rétt að víkja fáeinum orðum að afstöðu kirkjunnar til kynlífsins og hjónabandsins.

1 Afstaða kirkjunnar til kynlífsins

Á miðöldum var vald kirkjunnar meira en nú enda efaðist enginn um tilvist himnaríkis og helvítis. Allir urðu að hlíta boðum og bönnum kirkjunnar. Litið var á hjónabandið fyrst og fremst sem einskona sáttmála til að fjölga mannkyninu. Samfarir utan hjónabands var synd. Eina orsök skilnaðar, sem til greina kom, var náttúruleysi. (Magnús Stefánsson 1992:51) Kynlíf mátti ekki stunda til gleði eða yndisauka; það var líka synd. Aðeins ein kynferðisleg stelling var leyfileg, nefnilega trúðboðsstellingin, annars konar stellingar voru guði ekki þóknanlegar. (Magnús Stefánsson 1992:58)

Í Kristinrétti Árna biskups frá 1275 segir:

Hjúskapur er heilagt regluhald ef hann er lögliga samtengður og réttlíga haldinn. Var hann af öndverðu fyrir syndina skipaður millum karls og konu af guði sjálfum í paradiso að það skyldi vera syndalauss félagsskapur til getnaðar afsprings, utan allrar saurganar og brunalosta girndar og allrar sorgar og sóttar burðarins ef þau hefði eigi syndgast.

(*Járnsíða og kristinréttur Árna Þorlákssonar* 2005:166)

Kunn er játning frá 15du öld sem eignuð er Ólöfu ríku Loftsdóttur á Skarði á Skarðsstönd, sem gift var Birni hirðstjóra Þorleifssyni.

Misgert hefi eg andligur fader j raskan heilags hiuskapar. þuiat eg elskadi sialldan minn eiginn bonda epter gudligu lógmali. verandi optliga j likamligri næverv vid hann. baadi a helgum tidum og fóstutidum. samþyckiandi honum j olofadri sambud a margan hætt sem mier þotti epterlatligaz...Eg hafdi optligar girnd og fyst at fremia þenna hlut med oleyfdum holldsins breyskleika enn tilheyriligri hugsan med gudhrædzlu at geta guði afspringi sem hann sialfur hefur bodit j rettligum hiuskap.

(*Íslenzkt fornbréfasafn* 6 1900:240)

Kirkjan fyrirskipaði líka kynlífsbindindi á ákveðnum dögum og tímasteiðum. Þannig mátti ekki hafa samfarir á sunnudögum og örðum hátíðisdögum, sömuleiðis frá föstuinnigangi og framyfir páska (Magnús Stefánsson 1992:53), að ekki sé talað um aðventuna. Samfarir máttu ekki heldur eiga sér stað meðan konan var barnshafandi eða hafði á klæðum. Sumar heimildir greina frá því, að ekki hafi heldur mátt gera það á miðvikudögum, föstudögum og laugardögum (*Handbook of medieval sexuality* 1996:36). Hvort klerkar hér á landi hafi viljað ganga svo langt skal ósagt látið.

Nærri má geta hvort „afbrigðileg“ kynhegðun hafi ekki verið litin hornauga – svo vægt sé til orða tekið. Versti glæpurinn var sódomska, þ.e. samkynhneigð og kynlíf karls og konu sem var frábrugðið því „hefðbundna“ (*Handbook of medieval sexuality* 1996:43). Tómas frá Akvínó nefnir í riti sínu *Summa theologiae* fjögur atriði sem hann telur benda til óeðlilegrar kynfýsnar: samkynhneigð, sjálfsfróun, mök við dýr og kynlíf í óeðlilegum stellingum (Vitnað eftir: *Handbook of medieval sexuality* 1996:200).¹

Í skriftaboðum Þorláks helga frá 12du öld segir:

Fyrir það skal minnst bjóða [þ.e. refsá] þess er í lostasemi er misgert að vakanda manni ef hann saurgast af blíðlæti við konu. Meira ef maður saurgast af höndum sínum sjálfs. Meira ef maður saurgast af tré boruðu. Mest ef maður saurgast af annars karlmanns höndum. Fyrir þessa hluti skal bjóða knébeðjaföll og bænahald um langaföstu og nokkuð af gagnföstum. Ef konur eigast við þangað til er þeim leysir girnd skal bjóða þvílíka skrift sem körlum þeim er hinn ljótasta hórdóm fremja sín á millum eða þann er framdur er við ferfætt kvikendi.

(*Gripla* 5 1982:107-108)

Af þessum skriftaboðum heilags Þorláks má ráða, að alls kyns kynhegðun hefur tíðkapt á miðöldum. Ég minnst þess ekki að hafa séð í miðaldaritum að menn notuðu ýmsa hluti til að fróa sér. Nú hafa dúkkurnar leyst trjábolina af hólmi. Hvergi er heldur að finna dýrslega kynhneigð í fornaldar- eða riddarasögum, sem bersýnilega hefur verið kunn á miðöldum. Það er þá helzt að finna megi þess stað í *Njálu*, þegar þeir Njálssynir mæta á alþing eftir víg Höskuldar. Skarphéðinn svarar Þorkeli hák þessum orðum:

„Er þér og nær að stanga úr tönnum þér rassgarnarendann merarinnar er þú ást áður en þú riðir til þings og sá smalamaður þinn og undraðist hann er þú gerðir slíka fúlmennsku.“

(*Njáls saga* 2002:238)

¹ Kenningar Tómasar frá Akvínó (1225-1274) höfðu gífurleg áhrif á miðaldaguðfræði. Hann er sagður hafa sameinað kristna trú og aristótélískar hugmyndir í guðfræði sinni (Skirbekk 1999:183)

Og skömmu síðar segir hann við Flosa Þórðarson eftir að hafa kastað til hans brókum blám: „...ef þú ert brúður Svínfellsáss sem sagt er hverja hina níundu nótt og geri hann þig að konu.“ (*Brennu-Njáls saga* 2002:245) Þessi orð Skarphéðins, þar sem hann sakar menn um óeðlilega kynhegðun, voru í hæsta máta svívirðileg og til þess eins fallinn að ögra og vekja andúð.

Samkynhneigðar gætir ekki í fornaldar- né riddarasögum. Að vísu má skilja af samtali þeirra feðga Sturlaugar starfsama og Hrólfs, er síðar var nefndur Göngu-Hrólfur, að þar bregði faðirinn soninn um ergi eða jafnvel náttúruleysi. Hrólfur er sagður bæði meinlaus og gagnslaus. Er ekki annað að skilja en hann taki undir skoðanir föður síns (*Fornaldarsögur Norðurlanda 3* 1981:174).

Einn dag var þat sem oftast, at þeir Sturlaugr ok Hrólfr töluðust við. Sturlaugr mælti: „Svá lízt mér á þik sem lítil muni þín afdrif verða. Heyrir meir konu en karlmanni at hafa þvílíkt framferði sem þú hefir. Því þykki mér ráðligt, at þú kvænist ok setist í bú ok gerir þik at kotkarli í afdal nokkurum, þar engi maðr finnr þik, ok al þar þinn aldr svá lengi sem auðit verðr.“

Hrólfr segir: „Eigi mun ek búa ok eigi kvænast, því at konur skulu mér ekki.“

(*FSN 3* 1981:174)²

Þessir kvenlegu eiginleikar Hrólfs eru undirstrikaðir síðar í sögunni þegar hann bregður sér í hlutverk ljósmóður og bjargar álfkonu í barnsnauð (*FSN 3* 1981:200). Samt fer það nú svo að lyktum að Hrólfur kvænist og á mörg börn (*FSN 3* 1981:278-279). Hvernig mætti það svo sem öðruvísi fara í hefðbundnum ævintýrum.

Meginmunur á afstöðu fólks til kynlífs á miðöldum og í dag er sá, að á miðöldum var litið svo á að kynlíf væri athöfn þar sem annar aðilinn gerði eitthvað við hinn. Eða með öðrum orðum annar aðilinn, nánar tiltekið karlmaðurinn, var gerandinn meðan konan var þiggjandinn eða óvirki aðilinn (Karras 2007:23). Af sjálfu leiðir að staða karlmannsins var sterkari, hann var húsbóndinn á heimilinu. Konan var honum undirgefin, í kynlífinu sem öðru.

Konur höfðu í reynd aðeins tveggja kosta völ á miðöldum: annað hvort að ganga í hjónaband eða kjósa sér algjört hreinlífi. Annað var guði ekki þóknanlegt (Karras 2007:88). Þeir miðaldafræðinga eru þó til, sem halda því fram að konur hafi notið kynlífs í ríkara mæli en karlar (Karras 2007:87). Jafnvel að konan hafi búið við meira

² Til hægðarauka verður skammstöfunin FSN látin nægja fyrir Fornaldarsögur Norðurlanda.

kynferðislegt og pólitískt frelsi á miðöldum heldur en á tímum endurreisnarinnar (*Handbook of medieval sexuality* 1996:354). En nánar um það þegar fjallað verður um meykóngana.

1.1. Ars Amatoria

Í *Jóns sögu hins helga* er að finna þessa skemmtilegu lýsingu.

Þat er sagt ífrá at hann kom á hljóð at Klœngr Þorsteinsson, sá er síðan varð byskup í Skálaholti, en var þá prestlingr ok ungr at aldri, las bók þá er kþlluð er Ovidius Epistolarum. Í þeiri bók býr mansþngr mikill. En hann bannaði honum at lesa þess konar bœkr ok kallaði þó hverjum manni mundit ærit hþfugt að gæta sín við líkamligri munúð ok rangri ást, þó at hann kveykti eigi upp hug sinn til þess með né einum síðum eða þess konar kvæðum.

(*Íslenzk fornrit* 15,2 2003:211-212)

Í ofangreindri lýsingu er stuðzt við S-gerð sögunnar, en fróðlegt er að skoða aðrar gerðir, sem birtar eru neðanmáls við megingtextann. Í H-gerð stendur: „En í þeiri bók kennir þeim er less brþgð til þess er horfir til saurlífis ok munaðsemi.“ (*Íslenzk fornrit* 15,2 2003:212)

L-gerðin hljóðar svo: „En í þeiri bók talar meistari Ovidíus um kvenna ástir ok kennir með hverjum hætti menn skulu þær gilja ok nálgask þeira vilja.“ (*Íslenzk fornrit* 15,2 2003:212)

Af þessum lýsingum að dæma er trúlega átt við þá kunnu bók Ovidíusar eða Óvíðs, *Ars amatoria*, en skrifari S-gerðar hafi verið að sýna lesendum þá háttvísi að nefna ekki hið klúra rit eins og Peter Foote kemst að orði. Verk Óvíðs og þar á meðal þetta voru algengt lestrarefni í skólum á miðöldum (*Íslenzk fornrit* 15,2 2003:212).³

Sem dæmi um vinsældir *Ars amatoria* er hennar getið sérstaklega í *Flóres sögu og Blankiflúr*. Flóres og Blankiflúr alast upp saman frá barnsaldri og þau verða fyrirmynd hinnar sönnu og flekklausu ástar.

En þegar er þau höfðu aldur til og náttúru, þá tóku þau að elskast af rétttri ást. En þau námu þá bók, er heitir Ovidius *De arte amandi*, en hún er gerð af ást, og þótti þeim mikil skemmtan og gleði af, því að þau fundu þar með sína ást.

(*Riddarasögur* 4 1982:143-144)

³ Publius Ovidius Naso (43 f.Kr. – 17 e.Kr.) var rómverskt ljóðskáld.

Tæplega hefur þessi bók verið klúr fyrst Flóres og Blankiflúr gátu numið af henni hina réttu ást. Varla hefur hún haft skaðleg áhrif á séra Klæng Þorsteinsson því hann varð síðar biskup yfir Skálholti og hinn mætasti maður (*Íslensk fornrit 15,2* 2003:218). Föðurleg áminning Jóns biskups Ögmundarsonar bendir heldur ekki til að honum hafi þótt bók sú skaðleg mjög; hann hefur ugglaut verið að minna Klæng á, að sá einn geti orðið biskup, sem afneitar holdlegri fýsn. Og hvar annars staðar hefði Klængur átt að komast yfir kver þetta nema á Hólum.

2 Skemmtilegar lygisögur

Frá því er nokkuð sagt, er þótti lítið til koma, hverjir þar skemmtu eða hverju skemmt var. Það er í frásögn haft, er nú mæla margir í móti og látast ekki vitað hafa, því að margir ganga duldir hins sanna og hyggja það satt er skrökvað er en það logið sem satt er. Hrólfur af Skálmarnesi sagði sögu frá Hröngviði víkingi og frá Ólafi liðsmannakonungi og haugbroti Þráins og Hrómundi Gripssyni og margar vísur með. En þessari sögu var skemmt Sverri konungi og kallaði hann slíkar lygisögur skemmtilegar. Og þó kunna menn að telja ættir sínar til Hrómundar Gripssonar. Þessa sögu hafði Hrólfur sjálfur saman setta. Ingimundur prestur sagði sögu Orms Barreyjarskálds og vísur margar og flokk góðan við enda sögunnar er Ingimundur hafði ortan og hafa þó margir fróðir menn fyrir satt.

(*Sturlunga saga* 1988:22)

Oftlega hefur verið vitnað í ofangreinda lýsingu á brúðkaupinu að Reykjahólum um Ólafsmessu árið 1119 í *Þorgils sögu og Hafliða* enda elzta heimildin um sagnaskemmtun Íslendinga. Fræðimenn hafa velt fyrir sér sannleiksgildi þessarar frásagnar enda var hún ekki fest á skinn fyrr en um það bil öld var liðin frá brúðkaupinu. Engu að síður eru menn almennt sammála um að hér hafi verið skemmt með fornum frásögnum er síðar fengu nafnið fornaldarsögur, því þær gerast löngu fyrir tíma Íslands byggðar.⁴

Þarna kemur líka fram að menn hafi kallað slíkar sögur lygisögur og að þær hafi fyrst og fremst verið sagðar til skemmtunar. Þetta viðhorf kemur fram í formála og eftirmála fáeinna fornaldar- og riddarasagna. Í formála *Göngu-Hrólfis sögu* segir meðal annars:

Er þat ok margra heimskra manna náttúra, at þeir trúá því einu, er þeir sjá sínum augum eða heyra sínum eyrum, er þeim þykkir fjarlægst sinni náttúru, svá sem orðit hefir um vitra manna ráðagerðir eða mikit afl eða frábæran léttleika fyrimanna, svá ok eigi síðr um konstir eða huklaraskap ok mikla fjölkynngi, þá þeir seiddu at sumum mönnum ævinliga ógæfu eða

⁴ Ætli Hermann Pálsson sé ekki einn um þá skoðun, að sögurnar í þessu brúðkaupi hafi verið lesnar en ekki sagðar (Hermann Pálsson 1962:52).

aldrtila, en sumum veraldar virðing, fjár ok metnaðar...Er þat ok bezt ok fróðligast at hlýða, meðan frá er sagt, ok gera sér heldr gleði at en angr, því at jafnan er þat, at menn hugsa eigi aðra syndsamliga hluti, á meðan hann gleðist af skemmtaninni.

(FSN 3 1981:163-164)

Í lok *Mágus sögu jarls hin meiri* kveður söguritari lesendur með þessum orðum:

En þótt ófróðir menn kalli lygi þær sögur, sem nú segjast með lengra máli en nú hafi þeir heyrðar, þá birta þeir sína óvizku, því það gera spakir menn, að þeir vilja heyra þær frásagnir, sem þeim þykir kátlegar til gamans, svo sem er Þiðriks saga, Flóvents saga eða aðrar riddarasögur...

(RS 2 1982:429)⁵

Fornaldar- og riddarasögur hafa verið skráðar og sagðar hér á landi til skemmtunar fyrst og fremst. Vafalaust hefur verið litið öðrum augu á þær en Íslendingasögur, sem voru nær okkur í tíma og rúmi. Í grein sinni, *Landfræði og flokkun fornsagna*, gerir Torfi H. Tulinius nánari grein fyrir þessu þar sem hann telur fornaldar- og riddarasögu til skáldskapar en Íslendingasögu til raunsæisbókmennta. (Torfi H. Tulinius 1990:152)

2.1. Ritun fornaldarsagna og flokkun

Fornaldarsögur hafa verið ríkur þáttur munnlegrar frásagnar á fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Ritun þeirra hefst þó ekki fyrr en um 1200 að öllum líkindum (Torfi H. Tulinius 1993:188). Elzta handritið, sem geymir slíkar sögu, er *Hauksbók* frá byrjun 14du aldar. Fæst handritanna munu þó vera eldri en frá öndverðri 15du öld (Torfi H. Tulinius 1993:169).

Danski fræðimaðurinn C. C. Rafn gaf fyrstur út safn fornsagna og gaf þeim jafnframt heitið *Fornaldarsögur Norðurlanda*. (Torfi H. Tulinius 1993:169) Nafngiftin er til komin af því að þær gerast fyrir landsnámstíð og sögu sviðið er Norðurlöndin utan Ísland. Þessum sögum, sem vel að merkja voru ritaðar hér á landi, var vant að flokka í þrennt: hetjusögur, víkingasögur og ævintýrasögur (*Hugtök og heiti í bókmenntafræði* 1989:93). Þessi skipting er harla óskýr enda skarast efni þeirra töluvert. Seinni tíðar fræðimenn hafa látið nægja að greina þær í hetjusögur og ævintýrasögur og er það nær lagi.

⁵ Framvegis verður látið nægja að skammstafa riddarasögur með RS

Meginmunur á þessum sögum er sá, að hetjusögur eru yfirleitt fjarska harmrænar meðan ævintýrin enda að öllu jöfnu vel (Torfi H. Tulinius 1993:188).

Riddarasögur eiga uppruna sinn sunnar í álfunni, einkum Frakklandi. Þær segja frá fræknum konungum og öðrum köppum í Frakklandi, Þýzkalandi og Bretlandi fyrr á öldum. Þær bárust til Norðurlanda í byrjun 13du aldar eða jafnvel á ofanverðri 12du öld. (Torfi H. Tulinius 1993:181) Fyrsta riddarasagan sem þýdd er á norræna tungu er *Saga af Tristram og Ísönd* árið 1226 (*RS I* 1982:x). Sögurnar voru þýddar úr latínu, frönsku og þýzku (Torfi H. Tulinius 1993:196).

Riddarasögur og fornaldarsögur eru um margt ólíkar að efni og stíl. Þó má finna viss sameiginleg einkenni fornaldarsagna og frumsamdra riddarasagna, því Íslendingar tóku snemma að semja eigin riddarasögur. Torfi H. Tulinius er meðal þeirra sem vilja spyrða saman fornaldarsögur og frumsamdar riddarasögur og hafa gefið þeim heitið rómönsur. Rómansa var heiti á bókmenntategund, sem náði miklum vinsældum í Evrópu, einkum á 14du og 15du öld. Þær eru að líkindum elzta dæmi um afþreyingarbókmenntir í Evrópu, enda samdar sérstaklega sem skemmtefni – eins og ráða má af tilvitnunum í söguritara *Göngu-Hrólfis sögu* og *Mágus sögu* (Torfi H. Tulinius 1993:218).

Aðrir fræðimenn hafa á hinn bóginn gagnrýnt þessa aðferð og bent á að hugtakið rómansa sé alltof víðfemt; undir þá skilgreiningu myndu þá falla yngri Íslendingasögur og hluti konungasagna. Það yrði, með öðrum orðum, að greina þessa bókmenntategund í undirflokk. „Tilgangur með tegundagreiningu miðaldasagna hlýtur fyrst og fremst að vera sá að varpa ljósi á eðli þeirra og uppruna.“ (Aðalheiður Guðmundsdóttir 2001:c1)

2.2. Vinsældir og áhrif

Fornaldarsögur og riddarasögur hafa notið mikilla vinsælda á Íslandi frá fornu fari og allt fram til vorra daga. Ef dæma má bæði af fjölda sagna og fjölda handrita hverrar sögu voru riddarasögur langvinsælasta lesefnið hér á landi um 700 ára skeið, allt frá því á 13du öld og fram til loka 19du aldar eða jafnvel lengur, því á fyrstu áratugum 20ustu aldar var enn verið að skrifa upp sögur af þessu tagi. Sumar af þessum sögum eru varðveittar í allt að 70 handritum eða fleirum en nokkur Íslendingasaga (Driscoll 1990:157).

Til samanburðar getum við tekið *Njálu*, vafalítið vinsælustu Íslendingasöguna, en hún er varðveitt í 60 handritum í mesta lagi (*Íslensk fornrit 12 1954:cxlx*).

Sem dæmi um miklar vinsældir riddarasagna gegnum aldirnar eru gífurlegur fjöldi rímna, sem ortur hefur verið út frá efni þeirra.

Umfjöllun fræðimanna á 20ustu öld er hinsvegar í engu samræmi við vinsældir þessara sagna. Hjá þeim bar ritun þeirra vitni um afturhvarf frá hefðbundinni sagnahefð og vinsældir þeirra dæmi um hnignandi bókmenntasmekk alþýðunnar. Sigurður Nordal segir meðal annars um fornaldarsögur og smekk almennings:

Skrásetning og samning þessara sagna táknar nýjan sigur alþýðlegs smekks í hinni þjóðlegu sagnaritun og var mikilvæg tilhliðrun við kröfur fólksins um skemmtiefni.
(Sigurður Nordal 1970:102)

Þessum fræðimönnum virðist þó hafa verið sérlega í nöp við riddarasögurnar. Sigurður segir að „...þessar frumsömu riddarasögur séu að flestu leyti hinn aumasti skáldskapur...“ (Sigurður Nordal 1996:64)

Bjarni Vilhjálmsson segir í formála Íslendingasagnaútgáfunnar af riddarasögum:

Segja má með fullum rétti, að þær beri vott um spilltan bókmenntasmekk þjóðarinnar og vonbrigði, er hún reynir að setta sig við með því að gefa gammi hugmyndaflugsins og ímyndunaraflsins lausan tauminn og lifa í draumheimum, þegar raunveruleikinn verður ekki lengur við óskum hennar.
(RS I 1982:xv)

Kannski var það skyldan við menningararfinn, sem réðu mestu um útgáfu þessara sagna. Bjarni viðurkennir þó, að þeir sem „...ævintýrum og frjálsu hugarflugi unna, hafa yndi og skemmtun af þessum sögum...“ (RS I 1982:xv)

Fornsögur voru vinsælt lesefni á kvöldvökum fyrir á öldum eins og Jónas frá Hrafnagili vitnar til. Hann segir að mest hafi verið lesnar fornsögurnar „...bæði Íslendingasögur og Noregskonungasögur, Fornaldarsögur Norðurlanda og svo riddarasögurnar, sem þessi feikna sægur var til af.“ (Jónas Jónasson 1961:246)

2.3. Sögur til umfjöllunar

Við samningu þessarar ritsmíðar er stuðzt við þær fornaldarsögur, sem Íslendingasagnaútgáfan gaf út í fjórum bindum árið 1954 og endurprentuð 1981. Guðni Jónsson bjó

þá útgáfu til prentunar. Sögurnar í þessum bindum eru 34 talsins en ekki verður þeirra allra getið hér eðli málsins samkvæmt.

Þær riddarasögur, sem hér er stuðzt við, komu fyrst út hjá Íslendingasagna- og Haukadalsútgáfunni á árunum 1949-1951 í sex bindum. Þær komu seinna út 1982 í óbreyttri mynd. Bjarni Vilhjálmsson sá um þessa útgáfu. Auk þess verður *Piðreks saga af Bern* tekin fyrir, sem vissulega telst til riddarasagna. Hér er stuðzt við Íslendingasagnaútgáfuna frá 1984, sem er ljósprentun útgáfunnar frá 1954. Guðni Jónsson bjó hana til prentunar.

Í einhverjum tilvikum verða aðrar útgáfur hafðar til hliðsjónar og verður þess þá getið sérstaklega.

Umfjöllunarefninu er skipt í fernt til hægðarauka:

- 1) Bósa saga og Herraúðs.
- 2) Meykóngasögur.
- 3) Sögur um samskipti tröllkvenna og mennskra manna.
- 4) Aðrar sögur.

3 Bósa saga og Herraúðs

3.1. Handrit og útgáfur

Bósa saga og Herraúðs er vafalítið sú fornsaga sem fyrst kemur uppí huga lesenda, þegar minnzt er á eróttík. Þar er að finna bersögulli lýsingar á kynlífsathöfnum en títt er í miðaldabókmenntum – auk þess sem sagan er bráðskemmtileg aflestrar.

Ekki er vitað með vissu hvenær *Bósa saga* var skrifuð en hún hefur varðveizt í fjórum skinnhandritum, sum þeirra frá síðara helmingi 15du aldar að því er talið er (*Bósa saga og Herraúðs* 1996:66-67). Milli 15 og 20 pappírshandrit eru varðveitt. *Bósa saga* er til í tveimur gerðum, sú yngri er frá 17du öld en hún er talsvert ólík frumgerðinni, bæði lengri og teprulegri (*Bósa saga og Herraúðs* 1971:10).

Bósa saga hefur nokkrum sinnum verið gefin út, ýmist sérstök eða í safni annarra fornaldarsagna. Eina vísindalega útgáfan er gefin út í Strassburg 1893 en um hana sá O. L. Jiriczek. Hann leggur til grundvallar ÁM 586 4to en bætir við orðamun úr öðrum handritum. Í þessu handriti hafa kynlífslýsingar verið skafnar út, en þeim hefur verið

bætt inn samkvæmt ÁM 510 4to (*Bósa saga og Herrauds* 1971:10-11). Auk þess sem sagan er í heildarsafni Guðna Jónssonar hefur hún tvívegis verið gefin út sérstök hér á landi. Hið fyrra sinni árið 1971; um þá útgáfu sá Árni Björnsson en teikningar gerði Audun Hetland. Svo virðist sem ekkert af hinum virðulegu forlögum hafi treyst sér til að annast útgáfuna; Steingrímur Gunnarsson er sagður kostnaðarmaður. Aukinheldur treysti Borgarbókasafn Reykjavíkur sér ekki til að kaupa þessa útgáfu fyrr en nokkrum árum síðar – ekki vegna textans heldur teikninganna í bókinni. Réttum aldarfjórðungi síðar gaf Mál og menning út *Bósa sögu*. Sverrir Tómasson bjó hana til prentunar en Tryggvi Ólafsson myndskreytti. Þeir Árni og Sverrir styðjast við útgáfu Jiriczek, þ.e. ÁM 586 4to er langt til grundvallar, en fyllt uppí eyður með ÁM 510 4to (*Bósa saga og Herrauds* 1971:11 og 1996:67). Guðni virðist gjöra slíkt hið sama þó það komi ekki fram hjá honum.

Fornaldarsögur Norðurlanda voru fyrst gefnar út hér á landi á síðara helmingi 19du aldar en um þá útgáfu sá Valdimar Ásmundarson. Í formála þriðja bindis segir Valdimar:

Bósa saga ok Herrauds, prentuð eftir útg. Rafns, nema í hana er bætt í þrem stöðum köflum, sem feldir hafa verið úr í gömlu útgáfunni. Þessir kaflar eru teknir eftir pappírshandr. í safni Á. M. 340 4to, og eru þeir einnig til í skinnhandritum, sem eru eldri, nokkuð fyllri og með ýmsu orðalagi, er þótti heldr klúrt til að standa í alþýðu-útgáfu; var því fylgt pappírshandritinu, sem kemst kurteisara að orði.

(*Fornaldarsögur Norðurland* 1889:iv)

Heldur klúrt fyrir alþýðuna, segir Valdimar. Ætli það hafi ekki einmitt verið alþýða landsins sem skemmti sér bezt við lestur og áheyrzlu þessarar sögu.

Hér verður vitnað í útgáfu Guðna Jónssonar enda eru útgáfur Árna og Sverris samhljóða henni, að minnsta kosti í þeim hluta textans sem máli skiptir í þessari umfjöllun.

3.2. Af bólfimi Bósa

Bósa saga og Herrauds heyrir til ævintýrasögum fornaldarsagna. Hún er ákaflega hnitmiðuð og fjarska vel skrifuð. Höfundur hennar er sér vel meðvitaður um hvernig beri að skrifa skemmtilega og viðburðaríka sögu, bygging hennar er skýr og frásagnarhátturinn afskaplega myndrænn.

Sagan segir frá þeim fóstbræðrum Herraúði og Bósa. Herraúður er sonur Hrings konungs er réð yfir Eystra-Gautlandi og var kominn í beinan karllegg af Óðni. Bósi er hálfgerður kolbítur. Hann er sonur Þvara og Brynhildar, en kynni þeirra hófust er þau börðust innbyrðis, því hann var víkingur en hún skjaldmey. Brynhildur var óvíg eftir þetta og var síðan hnýtt eða bömluð og var af því kölluð Brynhildur бага. (*FSN 3* 1981:283-284) Þar af var Bósi kallaður Bögu-Bósi.⁶

Fóstbræðralag konungborins einstaklings og þess, sem er af óverðugum ættum, er algengt minni í ævintýrasögum. Þeir halda úti heim til að afla sér frægðar og frama eins og títt var um unga menn. Sigla þeir fyrst til Danmerkur og Saxlands og afla sér fé mikið á fimm árum. Á meðan gerist það að Sjóður, sonur Hrings, rænir fé af Þvara, föður Bósa, því honum fannst fjárhirzlur konungs heldur tómlegar. Bósi hefnir þess og drepur Sjóð. Herraúður tekur upp hanzkann fyrir fóstbróður sinn og fer svo að slær í bardaga milli Hrings annars vegar og þeirra Bósa og Herraúðs hins vegar. Lýkur þeirri viðureign með því að Hringur hefur sigur og stingur þeim fóstbræðrum í myrkvastofu þar sem þeirra virðist ekkert bíða nema dauðinn (*FSN 3* 1981:286-291).

Hér er komið að þætti Buslu kerlingar sem gengur á konungsfund og hefur upp særingar miklar, sem kallaðar hafa verið *Buslubæn*. Hringur kóngur gefur þeim frelsi en Bósa með því skilyrði að hann finni gammsegg, sem á er letrað gullstöfum utan. (*FSN 3* 1981:291-296)

Þrítekning atburða er algeng í ævintýrum. Þeir Herraúður og Bósi þurfa að leysa þrjár þrautir áður en yfir lýkur. Bósi kemst þrívegis í nán kynni við bóndadætur og á með þeim næturgaman. Hið fyrsta sinni koma þeir að bóndabæ þar sem þeim er boðinn næturgreiði af Hókatli bónda. Bóndadóttir skenkir þeim öl.

Bósi leit oft hýrliga til hennar ok sté fæti sínum á rist henni, ok þetta bragð lék hún honum.

Um kveldit var þeim fylgt að sofa með góðum umbúningi. Bóndi lá í lokrekkju, en bóndadóttir í miðjum skála, en þeim fóstbræðrum var skipat í stafnsæng við dyrr utar. En er fólk var sofnað, stóð Bósi upp ok gekk til sængr bóndadóttur ok lyfti klæðum af henni. Hún spyrr, hvern þar væri. Bósi sagði til sín.

„Hví ferr þú hingat?“ sagði hún.

„Því, at mér var eigi hægt þar, sem um mik var búit,“ ok kveðst því vilja undir klæðin hjá henni.

„Hvat viltu hér gera?“ sagði hún.

„Ek vil herða jarl minn hjá þér,“ segir Bögu-Bósi.

⁶ Viðurnefnin bögebósi og kvennabósi, sem við þekkjum í dag, eiga rætur í þessari sögu.

„Hvat jarli er þat?“ sagði hún.

„Hann er ungr ok hefir aldri í aflinn komit fyrri, en ungan skal jarlinn herða.“

Hann gaf henni fingurgull ok fór í sæninga hjá henni. Hún spyr nú, hvar jarlinn er. Hann bað hana taka milli fóta sér, en hún kippti hendinni ok bað ófagnað eiga jarl hans ok spurði, hví hann bæri með sér óvæni þetta, svá hart sem tré. Hann kvað hann mýkjast í myrkholunni. Hún bað hann fara með sem hann vildi. Hann setr nú jarlinn á millum fóta henni. Var þar gata eigi mjök rúm, en þó kom hann fram ferðinni. Lágu þau nú um stund, sem þeim líkar, áðr en bóndadóttir spyr, hvárt jarlinn mundi hafa tekizt herzlan. En hann spyr, hvárt hún vill herða oftar, en hún kvað sér þat vel líka, ef honum þykkir þurfa.

Greinir þá ekki, hversu oft at þau léku sér á þeiri nótt, en hins getr, at Bósi spyr, hvárt hún vissi ekki til, - „hvert at leita skyldi at gammseggi því, sem vit fóstbræðr erum eftir sendir ok gullstöfum er ritat utan.“

(FSN 3 1981:298-299)

Þegar bóndadóttir hefur veitt Bósa þær upplýsingar sem hann sóttist eftir þakkar hann henni sögu sína „...ok gerði henni góðan danganda⁷ í skemmtanalaun, ok fór þá báðum vel, ok sváfu þau nú allt til dags.“ (FSN 3 1981:300)

Tekst þeim fóstbræðrum að ná gammsegginu eftir blóðuga viðureign við gamminn og gýgina og þrælinn, sem gættu hofsins þar sem gammseggið var. Þeir frelsa Hleiði, systur Goðmundar á Glæsisvöllum, en tröllkonan hafði numið hana á brott. Ástir takast með henni og Herraudi við fyrstu sýn og heitir hann henni eiginorði. Að því búnu snúa þeir heim með gammseggið (FSN 3 1981:299-304).

Þau tíðindi höfðu gerzt á meðan, að Hleiður er rænd en Goðmundur biður þá bræður Siggeir og Hrærek að leita hennar. Heitir konungur Siggeiri því að hann geti unnið hana sér til eiginorðs, takist honum að hafa uppi á henni. Siggeiri tekst það og er nú undirbúin brúðkaupsveizla að Glæsisvöllum. Þetta fregna þeir fóstbræður og halda til Glæsisvalla, en á leiðinni koma þeir við að húsbæ litlum og kyrfilegum. Karl og kerling áttu þar bóndadóttur sem var væn og vel kunnandi. Var þeim boðinn næturgreiði. (FSN 3 1981:305-307)

Bóndadóttir var þar mannúðigust, ok skenkti hún gestum. Bósi var glaðkátur ok gerði henni smáglingur; hún gerði honum ok svá í móti.

Um kveldit var þeim fylgt að sofa, en þegar at ljós var slokit, þá kom Bögu-Bósi þar, sem bóndadóttir lá, ok lyfti klæði af henni. Hún spurði, hvat þar væri, en Bögu-Bósi sagði til sín.

„Hvat viltu hingat?“ sagði hún.

„Ek vil brynna fola mínum í vinkeldu þinni,“ sagði hann.

„Mun þat hægt vera, maðr minn?“ sagði hún; „eigi er hann vanr því líkum brunnhúsum, sem ek hefi.“

⁷ Dangandi merkir hér líklega fullnæging. (*Bósa saga og Herrauds* 1996:76)

„Ek skal leiða hann at fram,“ sagði hann, „ok hrinda honum á kaf, ef hann vill eigi öðruvísi drekka.“

„Hvar er folinn þinn, hjartavinrinn minn?“ sagði hún.

„Á millum fóta mér, ástin mín,“ kvað hann, „ok tak þú á honum ok þó kyrrt, því at hann er mjök styggr.“

Hún tók nú um göndulinn á honum ok strauk um ok mælti: „Þetta er fimligr foli ok þó mjök rétt hálsaðr.“

„Ekki er vel komit fyrir hann höfðinu,“ sagði hann, „en hann kringir betr makkanum, þá hann hefir drukkit.“

„Sjá nú fyrir öllu,“ segir hún.

„Ligg þú sem gleiðust,“ kvað hann, „ok haf sem kyrrast.“

Hann brynnir nú folanum heldr ótæpiliga, svá at hann var allr á kafi. Bóndadóttir varð mjök dátt við þetta, svá að hún gat varla talat. „Muntu ekki drekkja folanum?“ sagði hún.

„Svá skal hann hafa sem hann þolir mest,“ sagði hann, „því at hann er mér oft óstýrinn fyrir þat hann fær ekki at drekka sem hann beiðist.“

Hann er nú at, sem honum líkar, ok hvílist síðan. Bóndadóttir undrast nú, hvaðan væta sjá mun komin, sem hún hefir í klofinu, því at allr beðrinn lék í einu lauðri undir henni.

Hún mælti: „Mun ekki þat mega vera, at folinn þinn hafi drukkit meira en honum hefir gott gert ok hafi hann ælt upp meira en hann hefir drukkit?“

„Veldr honum nú eitthvat,“ kvað hann, „því at hann er svá linr sem lunga.“

„Hann mun vera ölsjúkr,“ sagði hún, „sem aðrir drykkjumenn.“

„Þat er víst,“ kvað hann. Þau skemmta sér nú sem þeim líkar, ok var bóndadóttir ýmist ofan á eða undir, ok sagðist hún aldri hafa riðit hæggengara fola en þessum.

(FSN 3 1981:308-309)

Hjá bóndadóttur fær Bósi allar nauðsynlegar upplýsingar um fyrirhugað brullaup að Glæsisvöllum. Þangað halda þeir í dulargervi og tekst með brögðum að ræna brúðunni í stórrí hörfu (FSN 3 1981:309-314).⁸

Eftir þetta á Bósi erindi til Bjarmalands. Biður hann Herraud sigla heim til Gautlands en hann vill eigi skiljast við fóstbróður sinn. Þeir kumpánar koma við á bæ einum þar sem karl og kerling bjuggu og áttu þau dóttur væna. Erindi Bósa var að komast að því hvar hann gæti haft uppi á Eddu konungsdóttur, sem hann í raun elskaði.

Bögu-Bósi leit hýrlega til bóndadóttur, en hún var mjök tileygð til hans á móti. Litlu síðar fóru menn til svefns. Bósi kom til sængr bóndadóttur. Hún spyrr, hvat hann vill. Hann bað hana hólka stúfa sinn. Hún spyrr, hvar hólkrinn væri. Hann spurði, hvárt hún hefði engan. Hún sagðist engan hafa, þann sem honum væri hæfiligr.

„Ek get rýmt hann, þó at þröngr sé.“ sagði hann.

„Hvar er stúfinn þinn?“ sagði hún. „Ek get nærri, hvat ek má ætla hólkbörunni minni.“

Hann bað hana taka á millum fóta sér. Hún kippti at sér hendinni ok bað ófagnað eiga stúfa hans.

„Hverju þykkir þér þetta líkt?“ sagði hann.

„Pundaraskafti föður míns ok sé brotin aftan af því kringlan.“

⁸ Hér er vísað til upphafs *Ragnar sögu loðbrókar* þegar Heimir í Hlyndölum fól Áslaugu, dóttur Sigurðar og Brynhildar, í hörfu. (FSN 1 1981:221)

„Tilfyndin ertu,“ sagði Bögu-Bósi; hann dró gull af hendi sér ok gaf henni. Hún spyr, hvat hann vill á móti hafa.

„Ek vil sponsa traus⁹ þína,“ sagði hann.

„Ekki veit ek, hvernig þat er,“ sagði hún.

„Ligg þú sem breiðast,“ kvað hann.

Hún gerði sem hann bað. Hann fer nú á millum fótanna á henni og leggr síðan neðan í kviðinn á henni, svá at allt gekk upp undir bringspölu.

Hún brá við hart ok mælti: „Þú hleyptir inn sponsinu um augat, karlmaðr,“ kvað hún.

„Ek skal ná því ór aftr,“ segir hann, „eða hversu varð þér við?“

„Svá dátt sem ek hefði drukkit ferskan mjöð,“ kvað hún, „ok haf þú sem vakrast í auganu þvegilinn,“ sagði hún.

Hann sparir nú ekki af, þar til at hana velgdi alla, svá at henni lá við at klígja, ok bað hann þá at hætta. Þau tóku nú hvíld, ok spyr hún nú, hvat manna hann væri.

(FSN 3 1981:315-316)

3.3. Ævintýraminni

Svo sem sjá má af ofangreindum atriðum er sama stefið eða ævintýraminnið endurtekið þrívægis. Greina má þetta stef í sex þætti:

1. Bósi og Herrauður koma að afskekktum bæ þar sem karl og kerling búa ásamt dóttur sinni, sem er vel að sér um margt.
2. Þeim er boðin næturgisting.
3. Bósi sængar hjá bóndadóttur og þau hafa næturskemmtan.
4. Tilgangur Bósa er öðrum þræði að fá mikilvægar upplýsingar hjá bóndadóttur.
5. Bósi gefur bóndadóttur fingurgull að launum.
6. Þeir Bósi gista þrjár nætur í senn.

3.4. Skrauthvörf og myndlíkingar

Það sem vekur tvímælaust mesta athygli við þessar kynlíflýsingar eru einstaklega skemmtilegar og hugmyndaríkar myndlíkingar og þessum myndlíkingum er haldið allt til enda frásagnar. Um leið eru þær auðskildar, lesendur vita hvað við er átt. Þessar myndlíkingar eru það sem kallað er skrauthvörf, þ.e. kurteislegra orðaval er notað í stað þeirra sem kynnu að hneyksla.

⁹ Spons merkir hér tappi og að sponsa er að reka tappa í gat. Traus er hér kynfæri konu, komið af fornfranska orðinu trousse. (*Bósa saga og Herrauðs* 1996:37)

Sverrir Tómasson hefur bent á áhrif franskrar bókmenntategundar á 13du öld, sem nefnd er fabliaux eða fábyljur á íslenzku, á *Bósa sögu*. Fábyljur voru stuttar gamansögur um samskipti kynjanna, sérlega framhjáhald eiginkonunnar. Í sögum þessum voru ýmis konar orðaleikir viðhafðir og skrauthvörf. Þaðan eru komin myndlíkingar á borð við jarl, fóla og brunnhús. (*Bósa saga og Herrauds* 1996:60-62).

Fábyljur voru ekki þýddar á íslenzku og af frumsömdum sögum gætir áhrifa þeirra aðeins í *Bósa sögu* og *Sigurðar sögu turnara*. Klerkar hafa þar líklega ráðið mestu um, en kirkjan réði yfir útgáfunni og skrifarar voru einkum prestar (Sverrir Tómasson 1989:221). Einverra hluta vegna hefur *Bósa saga* samt sloppið í gegnum ritskoðunina. En þá vaknar líka sú spurning, hvort fleiri gamansögur á borð við þessa hafi ekki gengið manna á meðal, þó ekki hafi tekizt að koma þeim á skinn eður pappír. Er ekki fremur ólíklegt að *Bósa saga* sé einsdæmi að þessu leyti?

3.5. Þorvaldar saga víðförla

Íslenzkar skáldsögur á okkar dögum búa ekki yfir jafn ríkulegu myndmáli og *Bósa saga*. Kynlífslýsingar eru yfirleitt fátæklegri og skrauthvörf skjaldan notuð; yfirleitt er gengið hreint til verks. Undantekning frá þessu er skáldsaga Árna Bergmanns um Þorvald víðförla, sem var Þangbrandi innan handar við misheppnaða tilraun til að kristna Íslendinga sem kunnugt er. Fóstbróðir Þorvaldar er Þorsteinn og má ef vill finna ákveðinn skyldleika með þeim og Herraudi og Bósa. Þó myndlíking Árna sé skemmtileg og gagnsæ leynir sér ekki skyldleikinn við *Bósa sögu*. Orðalagið er meir að segja á stundum hið sama.

Þegar ljós höfðu verið slökkt og bóndi var tekinn að hrjóta fór Þorsteinn úr rúmi sínu og lyfti ábreiðu af bóndadóttur. Hún spyr þá hvað hann vill. Ég vil lenda báti mínum í Dúney þinni, segir hann. Hvar finnur þú hana? spyr hún önnug að heyra, en færir sig nær vegg svo hann megi leggjast hjá henni. Neðan við ölduna breiðu, segir hann og stýrkur hendi sinni niður maga hennar allt þar til fingurnir týndust í hárum hennar. Hér eru, segir hann þá, kræklur margar og dúnmjúkar. Lítið gaman er að þeim, segir hún, eða hvar munt þú leita hafnar? Undir dúnskóginum, segir hann og bendir þangað fingri sínum, rís klettahlið og sé rétt að því róíð opnast inn af því langur hellir, þar er sú öruggasta höfn. Allt þykist þú vita, segir bóndadóttir, en hvar er þá báturinn þinn, hjartað mitt? Taktu milli fóta minna, segir hann. Hún gerði það og strauk göndulinn á honum blíðlega. Hann spurði hvernig henni þætti báturinn. Hann er vel rennilegur, segir hún, kjölfestan mikil, en því hefur ekki stærri bátur svo mikla trjónu í stafni? Drekin sá, segir hann, hefur haft langa útivist og þrútnar nú af óþoli þegar sér til hafnar.

Má þá ekki flýta för hans? spyr hún.

Það er vel boðið, segir hann. Ligg þú nú sem gleiðast.

Hann keyrir nú bátinn inn hliðið og áfram inn í hellismunnann og nam þar ekki staðar að heldur. Það er undarleg lending, sagði bóndadóttir, þegar hún mátti mæla, að þá er róinn lífróður aftur og fram þegar í höfn er komið. Þorsteinn svarar því engu, enda hefur hann nú ærinn starfa. En þar kemur að honum þykir nóg róið og liggur hann um kyrrt þar sem hann er kominn en hún spyr: Er það sem mér sýnist að bátur þinn hafi brotnað í lendingu? Ekki er það rétt, segir hann, heldur hefur hann nú skilað farmi sínum á land. Hvaða farmur er það? spyr bóndadóttir. Mjöldur mjöli blandinn, svarar hann. Hún hló við og sagði að víst hefði Dúney hennar orðið gott af þessum miði, eða er hann allur frá borði kominn? Þú skalt undir róa, segir hann, enn má upp skipa.

(Árni Bergmann 1995:33-34)

3.6. Dúney

Árni Bergmann notar hér orðið dúney, sem er bæði skemmtileg og auðskilin myndlíking. Skyld þessu er orðið dyney, sem getur verið sömu merkingar – að minnsta kosti í ákveðnu samhengi. Aftur á móti bregður svo við að þessi orð eða orðasambönd finnast ekki í íslenskri orðabók né orðasiðjabók og ekki heldur í Orðabók Háskólans. Það er – eftir því sem næst verður komizt - ættað frá *Kormáks sögu*. Kormákur Ögmundarson orti mikið af fallegum ástarkvæðum til Steingerðar Þorkelsdóttur og má telja sumar þeirra til erótíksks kveðskapar. Vísan þar sem dyney kemur fyrir er svohljóðandi:

Hvílum, handar bála
Hlín, valda sk þ þ sínu,
þat séum reið at ráði,
rík, tveim megin bríkar,
nærgi's oss í eina
angr laust sæing g þ ngum,
dýr sk þ fnungi drafnar
dyneyjar við Freyja.

(*Íslensk fornrit 8 1939:272-273*)

Í stuttu máli má skýra vísuna á þessa lund: Við hvílum sitt hvorum megin bríkar, kona. Því valda máttug forlögin, sem ég óttast að verði okkur fjandsamleg, hvenær sem við göngum í eina sæng.

Það sem máli skiptir hér er merking orðsins *dyney*. Einar Ól. Sveinsson, sem sá um útgáfu *Kormáks sögu* fyrir Hið íslenska fornritafélag, skýrði orðasambandið *sk þ fnunga dyney* sem skjöld og bætti við, að það væri engan veginn hægt að fallast á þá skýringu að í vísunni felist klúyrði eins og sumir hefðu gert ráð fyrir (*Íslensk fornrit 8 1939:272*).

Ritstjórar útgáfu Svarts á hvítu eru á öðru máli. Að mati þeirra merkir *dúney* (svo ritað í þeirri útgáfu) einfaldlega *sköp konu*. Og *sköfnungur*, sem er sverðskenning, táknar þá reður. (*Íslendinga sögur og þættir* 2 1987:1499)

Það fer vart á milli mála, við nánari athugun, að síðari helmingur vísunnar hefur erótíska skírskotun og ekki sízt fyrir þá sök að Kormákur notar hér ástargyðjuna Freyju sem kvenkenningu.

3.7. Jómsvíkinga saga

Víða má í fornaldarsögur finna grótesk atriði og er *Bósa sögu* engin undantekning frá því. Þegar fóstbræðurnir hafa kvatt Hóketil og fjölskyldu hans halda þeir til hofsins í þeim tilgangi að ná gammsegginu. Á leiðinni hittu þeir þræl þann er gætti hofsins. Bósi drap þrælinn, steypiti því næst yfir sig kápu hans og tók spjót sitt og „...rak í rass þrælnum ok neðan eftir honum endilöngum, svá at oddrinn kom út við herðarnar.“ (*FSN* 3 1981:301)

Þetta grottalega og hálferótíska atriði á sér fyrirmynd í *Jómsvíkinga sögu*. Haraldur konungur Gormsson dvelur í skógarrjóðri ásamt félögum sínum. Konungur hefur afklæðzt og bakast við eld. Því er svo lýst að hann „...stendur á knjánum og ölbogunum og lýtur hann niður mjög við, er hann bakast við eldinn. Hann bakar og við axlirnar, og ber þá upp við mjög stjölinn¹⁰ konungs.“ (*Jómsvíkinga saga* 1969:119)

Pálnatóki, sem lá í leyni, sér nú gullið tækifæri til að velja kóngsa háðulegan dauðdaga.

Og nú leggur hann ör á streng og skýtur hann til konungsins, og er svo sagt af flestum fræðimönnum, að örin flýgur beint í rassinn konunginum og eftir honum endilöngum og kom fram í munninn, og fellur konungurinn þegar á jörð niður örendur, sem von var. En förunautar hans sjá hvað í hafði gerzt og þótti þetta öllum vera hið mesta býsn.

(*Jómsvíkinga saga* 1969:119)

Vart getur hraksmánarlegri dauðdaga fyrir konung en þann, sem hér hefur verið lýzt. Söguhöfundur eykur við háðið í þessari sögu með orðalaginu „...er svo sagt af flestum fræðimönnum...“ Lýsingin í *Bósa Sögu* er ekki eins hæðileg enda á þar bara þræll í hlut. *Bósa saga* er líka þiggjandi hér, því *Jómsvíkinga saga* er mun eldri.

¹⁰ Stjöli merkti til forna rass eða sitjanda.

3.8. Andstaða við geistlegt vald

Höfundur *Bósa sögu* gefur öllum tilmælum miðaldakirkjunnar um dyðugt og siðprútt lífurni langt nef með kynlíflýsingum sínum.

Kynlífsiðkun á miðöldum snerist um það að einhver gerði eitthvað við hinn aðilann, það er að segja karlmaðurinn var gerandinn meðan konan var þiggjandinn. Kynlíf var fyrst og fremst stundað til að fjölga mannkyninu. Í *Bósu sögu* eru bæði kyn gerendur og þau hafa bæði jafn gaman af ástarleiknum.

Kynlíf utan hjónabands var ekki leyfilegt að mati hins geistlega valds og aðeins trúboðsstellingin var eina lögmæta aðferðin. Í einni lýsingunni er bóndadóttir ýmist ofan á eða undir. Í síðustu heimsókn sinni leyfir Bósi sér meir að segja að sænga hjá bóndadóttur til að komast að því hvar hann geti fundið konuna, sem hann í raun elskar. Í engu þessara tilvika er raunveruleg ást að baki heldur einungis kynferðisleg löngun, sú grunnþörf mannesskepnunnar að fá útrás fyrir þörf sína á þessu sviði – og hafa jafnframt gaman af.

3.9. Í Suðursveit

Húslestrar voru tíðkaðir til sveita eitthvað fram á 20ust öld. Fornsögur hafa verið vinsælt lesefni og kannski ekki sízt fornaldarsögur. Skemmtilegt dæmi er að finna í minningum Steinþórs Þórðarsonar á Hala í Suðursveit, sem Stefán Jónsson festi á blað.

Þetta kvöld var ég að lesa söguna af Herrauði og Bósa, en í henni er kafli sem heitir Buslubæn, einhverjar verstu særingar, og ekki talið sæmandi mönnum að lesa Buslubæn eftir dagsetur. Þegar faðir minn las söguna af Herrauði og Bósa, þá numdi hann alltaf staðar við Buslubæn...

(Stefán Jónsson 1970:309)

Í þetta sinn las Steinþór Buslubæ að áeggjan heimilisfólks. Hann hafði ekki fyrr lokið bæninni en skyndilega heyrast skruðningar miklir úti fyrir eins og jörðin væri að skjálfa undir fótum þess. Í ljós kom að stór steinn hafði losnað úr fjallinu og numið staðar rétt við smiðjudyrnar (Stefán Jónsson 1970:309-310).

Þessa frásögn hefur bróðir Steinþórs, Þórbergur Þórðason, staðfest í endurminningum sínum. Er hún nokkurn veginn samhljóða frásögn Steinþórs (Þorbegur Þórðarson 1975:405).

Þessi brot úr endurminningu bræðranna á Hala sýna að fornaldarsögur hafa verið vinsæld lesefni á kvöldvökum og að sama sagan hafi verið lesin nokkrum sinnum. En þá vaknar spurningin hvaða útgáfu las Steinþór fyrir heimilisfólk. Líklegt verður að telja, miðað við tímann, að það hafi verið útgáfa Valdimars Ásmundarsonar þar sem er töluvert er dregið úr lýsingum á bólförum Bósa.

Ég bar þetta undir Þorbjörgu Arnórsdóttur á Hala, sem hefur umsjá með Þórbergssetrinu. Hún taldi líklegt að útgáfa Valdimars hefði verið lesin. Hún tjáði mér jafnframt, að fólk á Hala hefði áreinalega ekki kippt sér upp við erótískar lýsingar í bókmenntum miðað við þær klámvísur, sem farið var með, þegar hún kom fyrst að Hala. „Steinþór var m.a. mjög iðinn við það að fara með ýmis konar kveðskap sem ekki þykir alltaf við hæfi, var hann þó mesti sómamaður en það var eins og þetta væri ekki klám þegar hann fór með það, miklu frekar daglegt tal sem ekki þótti neitt athugasvert við að fara með eða orðaforði sem ekki var óeðlilegt að nota,“ sagði Þorbjörg í rafbréfi til mín. (Þorbjörg Arnórsdóttir 14.9. 2008)

3.10. Hláturmenning miðalda

„Bókmenntir hláturs og skopstælingar voru framúrskarandi auðugar á miðöldum,“ (Bakhtín 2005:75) segir rússneski bókmenntafræðingur Mikhail M. Bakhtín, sem ritaði merkilega ritmið um hláturmenningu miðalda og karnívalískar miðaldabókmenntir. Þessi ummæli eiga ágætalega við um ýmsar fornaldarsögur okkar og ekki sízt *Bósa sögu og Herrauds*. „Höfundarnir eru allra síst uppfyllir af meinlætahugsjón. Áherslan er næstum alltaf á hið holdlega,“ segir Bakhtín enn fremur (Bakhtín 2005:108). Sannarlega á þetta við um höfund *Bósa sögu*.

Bakhtín fjallaði í riti sínu um verk Rabelais um tvenns konar menningu endurreisnarinnar sem heimfæra mætti uppá íslenska sagnaritun að mati Helgu Kress, þ.e. menningu höfingjastéttar annars vegar og alþýðunnar hins vegar. Sú síðari á rætur í gleðleikjum alþýðunnar, karnívalískri skemmtun, þar sem markmiðið var að aftigna allt

sem háleitt var og færa niður á jarðneskt plan. Kjarninn í gróteskum lýsingum skemmtibókmennta miðalda var hláturinn, hinn frelsandi hlátur (Helga Kress 1996:53).

Herrauður ber ástarhug til Hleiðar, systur Goðmundar konungs á Glæsisvöllum. Þeir fóstbræður koma dulbúnir til brullaupsveizlunnar hjá Goðmundi konungi þar sem hann ætlar að fara að gifta systur sína. Bósi hefur í för með sér hörpu eina stóra og mikla og þegar hann leikur á hana ærast veizlugestir og þeim halda engin bönd. Það er mikið drukkið í þessari veizlu eins og tíðkaðist í brullaupsveizlum til forna. Bósi leikur ýms slög á hörpuna og smám saman taka leikar að æsast eftir því sem á líður veizluna. „...ok var nú allt á ferð ok för innan um alla höllina, ok gekk því langa stund.“ (FSN 3 1981:312) Því næst er drukkið minni Óðins.

Hann sló nú þann slag, sem Faldafeykir heitir, ok stukku þá faldarnir af konunum, ok léku þeir fyrir ofan þvertréin. Stukku þá upp konurnar ok allir menninir, ok engi hlutr var þá sá, at kyrr þoldi.

(FSN 3 1981:312)

Síðast var drukkið minni ástar- og frjósemisgyðjunnar Freyju. Tók þá Bósi að leika Rammaslag og fór þá heldur betur að færast fjör í leikinn, því meira að segja kóngur og brúður og brúðgumi gátu ekki setið kyrr lengur.

En konungi brá svá við, at hann stökk upp ok svá brúðguminn ok brúðrin, ok léku nú engir vakrara en þau, ok gekk þessu langa stund. Smiðr tók nú í hönd brúðinni ok lék allra vakrast. Hann tók borðbúnað af stólnum ok kastaði upp í sængina, þegar hann sá sér færi á.”

(FSN 3 1981:312-313)

Það er engu líkara en þessi fyrirmannlega veizla breytist í allsherjar svallveizlu eða orgíu. Hér er sannarlega á ferðinni karnivalísk skemmtan þar sem öllu er umsnúið og allir aftignaðir. Hláturmenning miðalda eins og hún gerist bezt.

3.11. Höfundurinn

Höfundur *Bósa sögu* er sér vel meðvitaður um ætlunarverk sitt og hann kann að segja listilega frá. Sagan er vel upp byggð og nánast hvert atriði þaulhugsað. Sagan er fyrst og fremst gerð alþýðu landsins til skemmtunar, þó vafalaust hafi margir höfðingjar líka haft gaman af. Höfundurinn leggur bæði áherzlu á holdlegar fýsnir og gróteskar lýsingar. Hið síðarnefnda má til að mynda sjá í bardaganum við Hárek konung þar sem ýmsar

persónur breytast fyrirvaralaust í furðuskepnur eins og skergríp og glatúnshundtík. Þessar lýsingar virka eins og skopstæling á öðrum fornaldarsögum.

Höfundurinn er bersýnilega vel að sér í bókmenningu miðalda. Hann vitnar beint og óbeint í önnur rit eins og sýnt hefur verið fram á. Hann þekkir augljóslega *Eddu Snorra Sturlusonar* og í sögunni má greina vísun í hana. Það er sjálfsagt ekki tilviljun að konan sem Bósi elskar heitir Edda. Bósi dvelur þrjár nætur hjá hverri bóndadóttur. Óðinn svaf þrjár nætur hjá Gunnlöðu til að öðlast kunnáttu skáldskaparins (*Snorra Edda* 1996:84). Þannig fetar höfundur í fótspor Óðins og markar söguna sjálfum skáldskapnum eins og Sverrir orðar það í eftirmála sinnar útgáfu (*Bósa saga og Herrauds* 1996:66).

Höfundur *Bósa sögu* hefur á meðvitaðan hátt ætlað sér að skrifa sögu þar sem öllum kristnum gildum er snúið á haus. Það má því öðrum þræði líta á þetta verk sem ádeilu er beinist gegn ríkjandi siðgæðismati og hvers kyns valdníðslu. Sögunni er stefnt gegn siðabodörðum klerklegs valds, tilgangur hennar er að afhelga hræsni kristinnar og aftigna valdahroka yfirstéttarinnar. Allt bendir til að þessi saga sé rituð á ofanverðum ritunartíma fornaldarsagna eða á síðari helmingi 14du aldar.

Í stuttum formála og eftirmála, sem af íslenzku útgáfunum er aðeins er að finna hjá Sverri Tómassyni, má greinilega sjá að þessi afhelgun eða umturnun er meðvituð hjá höfundi.

Þessi saga hefst eigi af lokleysu þeirri er kátir menn skrökva sér til skemmtanar og gamans með ófróðlegum setningum heldur sannar hún sig sjálf með réttum ættartölum og fornum orðskviðum er menn hafa iðulega af þeim hlutum er í þessu ævintýri eru skrifaðar.

(*Bósa saga og Herrauds* 1996:5)

Og lúkum vær hér nú sögu Bögu-Bósa og signi þá sankta Busla alla sem hér hafa til hlýtt, lesið og skrifað eður hér nokkuð til fengið eður gott að gjört. AMEN.

(*Bósa saga og Herrauds* 1996:45)

Enn og aftur undirstrikar höfundur sögunnar þann einlæga ásetning sinn að snúa gildum kristinnar siðavendni á hvolf, afhelga heilög gildi, með því að gera galdrakindina Buslu að dýrtingi.

Erótískar lýsingar er víða að finna í fornaldar- og riddarasögum, en *Bósa saga og Herrauds* er einstök að því leyti að þar skipa kynlífsathafnir veglegan sess og þar sem

þeim er lýst á myndrænan og skapandi hátt. Hún er án efa frumlegasta sagan sinnar tegundar á Íslandi.

4 Meykóngar

Meykonungar eru fyrirferðamiklir í fornaldar- og riddarasögum. Þetta eru ungar meyjar, oftast konungsdætur, sem klæðast karlmannsfötum, fara í hernað og berjast eins og hraustustu karlmenn, búa um sig í rammgirtum kastala og smána hvern vonbiðilinn á fætur öðrum. Venjulega lýkur ferli þeirra sem meykóngum með því að gjörfilegum konungssonum tekst að hemja þær, afmeyja þær og giftast þeim og þær snúa aftur til skemmu sinnar og stunda kvenlegar dyggðir.

Marianne Kalinke hefur rannsakað sögur af meykóngum flestum fræðimönnum betur. Hún bendir á að meykóngasögur séu einstakar í íslenskum fornþókmenntum og skyldleika þeirra sé vart að finna annars staðar í Evrópu á miðöldum (Kalinke 1986:69-70). Þetta gæti bent til þess að konur á Íslandi hafi verið mun sjálfstæðari en kynsystur þeirra sunnar í álfunni á miðöldum. Sjálfstæði íslenskra kvenna á miðöldum má einmitt sjá í nokkrum þekktum Íslendingasögum. Nægir að nefna Guðrún í *Laxdælu*, Bergþóru og Hallgerði í *Njálu*, Auði í *Gísla sögu*, svo aðeins fáeinar séu nefndar.

Upphaf meykóngasagna er þó ekki að leita hér á landi heldur til Þýskalands eða í þarlandri útgáfu á sögu Völsunga, *Nibelungenlied*. Þessi þýzka útgáfa er meðal annars frábrugðin þeirri íslensku að því leyti, að þar er Brynhildur drottning eða meykóngur yfir Íslandi. Saga þessi er talin rituð um 1200, en er að öðru leyti óþekkt í þýzkri þókmenntasögu (Kalinke 1986:50).

4.1. Brynhildur

Í *Völsunga sögu* er frá því sagt að fundur þeirra Sigurðar Fánisbana og Brynhildar hafi orðið á Hindarfjalli.

Á fjallinu sá hann fyrir sér ljós mikit, sem eldr brynni, ok ljómaði af til himins. En er kom at, stóð þar fyrir honum skjaldborg ok ór merki. Sigurðr gekk í skjaldborgina ok sá, at þar svaf maðr ok lá með öllum hervápnum. Hann tók fyrst hjálminn af höfði honum ok sá, að þat var kona. Hún var í brynju, ok var svá föst sem hún væri holdgróin. Þá reist hann ofan ór

höfuðsmátt ok í gegnum niðr ok svá út í gegnum báðar ermar, ok beit sem klæði. Sigurðr kvað hana helzti lengi sofit hafa.

(FSN I 1981:156-157)

Í *Piðreks sögu af Bern* er sagt nokkuð á annan veg frá fundum þeirra Sigurðar og Brynhildar. Gunnar konungur ætlar að giftast Brynhildi er fær með engu móti notið hennar. Hann leitar ráða hjá Sigurði vini sínum, sem hér er nefndur Sigurður sveinn. Sigurður kann ráð við þessum meinbugi.

„Ek mun segja þér, hvat til berr, er á þessa lund ferr. Hún hefir þá náttúru, at á meðan hún fær haldit sínum meydómi, mun varliga fást sá karlmaðr, er afl hafi við henni, ok þegar er því er brugðit, þá er hún ekki sterkari en aðrar konur.“

(*Piðreks saga af Bern* 1984:309)

Þar höfum við það. Eina ráðið til hemja þessa meykónga er að afmeyja þær. En það er ekki á færi hvers sem er. Sá einn nær tangarhaldi á meykóngi sem er jafnoki hennar í hvívetna. Sigurður hefur þennan styrk en Gunnar ekki. En þegar búið er að svipta meykóngnum meydómnum er eftirleikurinn auðveldur.

Nokkur munur er á frásögnum þessara tveggja sagna. Í fyrra tilvikinu er ekki sagt beinum orðum að þau hafi sofið saman, en allt bendir til þess eftir að Sigurði hefur tekizt að afklæða hana brynjunni, sem er einhvers konar skírlífisbelti. Í seinna tilvikinu er gengið hreint til verks. „Ok þá tekr hann til Brynhildar ok fær skjótt hennar meydóm.“ (*Piðreks saga af Bern* 1984:310)

Það er einkennandi fyrir meykóngasögur, að þegar konungi eða konungssyni hefur tekizt að fastna sér meykóngi breytist staða og hlutverk hennar í samfélaginu en ekki karlsins, konungsins. Hlutverk þeirra er að vera eiginkonur og hlýðnar manni sínum (Kalinke 1986:59).

4.2. Klári saga

Kalinke skiptir meykóngasögum í tvennt: Annars vegar eru sögur þar sem meykóngar eru í veigamiklum hlutverkum og atburðarásin snýst um þær að verulegu leyti, hins vegar þær þar sem meykóngar eru í aukahlutverkum eða slík saga er aðeins hluti af heildarsögunni. Í fyrrnefndar hópnum eru sex riddarasögur: *Clari saga*, *Sigurðar saga*

þögla, Nítíða saga, Viktors saga og Blávus, Sigurgarðs saga frækna og Dínus saga drambláta. Að auki er svo *Partalópa saga* sem er þýdd úr frönsku. Í síðarnefnda floknum eru *Hrólfs saga kraka, Hrólfs saga Gautrekssonar, Mágus saga jarls, Ála flekks saga* og *Gibbons saga* (Kalinke 1986:49-50). Tvær þær fyrstnefndu heyra til fornaldarsögum en *Mágus saga* og *Ála flekks saga* frumsömdum riddarasögum. Við síðarnefnda flokkinn má bæta *Hervarar sögu og Heiðreks* (fornaldarsaga) og *Mírmanna sögu* (riddarasaga), þó þær falli ef til vill ekki undir þá skilgreiningu sem Kalinke notar.

Clari saga eða *Klári saga* er fyrsta íslenska meykonungs sagan. Að vísu kemur það fram í upphafi sögunnar að hún hafi verið þýdd á latínu eða endursögð ljóðsaga, jafnvel eftir minni.

Þar byrjum vér upp þessa frásögn, sem sagði virðulegur herra Jón biskup Halldórsson, ágætrar minningar, - en hann fann hana skrifaða með latínu í Franz í það form, er þeir kalla *rithmos*, en vér köllum hendingum...

(RS 5 1982:3)

Engu að síður telur Kalinke hana í flokki frumsamdra riddarasagna enda sé hún skrifuð í tíð Jóns Halldórssonar, sem var biskup í Skálholti 1322-1339. Jón stundaði nám í Suður-Evrópu, meðal annars París, þar sem hann hefur kynntzt sögunni meðan hann stundaði nám hjá dómíníkönnum um 1300 og haft efni hennar meðferðis í farteskinu. Elzta handrit sögunnar, AM 657 a-b 4to, er talið frá því um 1350 (Kalinke 1986:51-52 ; RS 5 1982:vii-viii).

Klári er sonur Tiburcius Saxlandskeisara. Hann fær fregnir af Serenu, dóttur Alexanders Frakkakonungs, sem hefst við í turni einum miklum, en þúsundir vopnaðra riddara gæta hennar og sex tugir ríkisborinna meyja þjóna henni; fremst þeirra er Tecla, dóttir Skotakonungs. Aukinheldur hefur hún eitt gæludýr, sem er ljónynja. Serena þykir líka góður kvenkostur, því hún er vitrari en aðrar konur og þó víða væri leitað. Það er ekki að sökum að spyrja að áhugi Klára er kviknaður, en lærimeistari hans Perus, varar hann við og biður hann vinsamlega að standast allar slíkar freistingar. Klári lætur slíkar viðvaranir sem vind um eyru þjóta og heldur til fundar við Serenu (RS 5 1982:3-9).

Serena býður Klára í veizlu til sín í turninum en smánar hann síðan á sinn sérstaka hátt. Klári lætur sér ekki segjast og hann leitar ráða hjá lærimeistara sínum. Hann gerir aðra og þriðju tilraun til að komast yfir Serenu en allt kemur fyrir ekki, henni tekst að

leika á hann, jafnvel þó hann fari til fundar við hana í dulargervi. Með vélum og með því að blekkja aðstoðarkonuna Teclu tekst Klára loks að komast yfir Serenu. Fær hann nú konungsdóttur með samþykki föður hennar. Þá snúast hlutirnir við og nú er það Serena sem er á valdi Kláris. Nú er það hún sem þarf að ganga í gegnum miklar svívirðingar, ekki einu sinni heldur þrívégis eins og Klári. Niðurlæging sú, sem Serena má þola, er þó ekkert hjá því sem Klari mátti sjálfur reyna. Eitt sinn verður hún að þola píslargöngu með því að bera beiningamann á bakinu, sem eys yfir hana skömmum og svívirðingum. En þessa hefnd, þessa niðurlægingu, verður hún að umbera til að geta loks verið samboðin Klára.

Í þessari sögu koma fram þrjú atriði, sem Kalinke telur að einkenni allar meykónga-sögur:

- 1) Minnið um konuna, sem hatar hjónabandið.
- 2) Höfnun biðla og auðmýking þeirra.
- 3) Hvernig hin drambláta kona verður auðmýkt og tamin.

(Kalinke 1986:52-53)

Við þetta má svo bæta, að það er sameiginlegt einkenni þeirra, flestra að minnsta kosti, að meykönungarnir hreiðra um sig í víggirtum turni, sem líta má á sem eins konar skírlífisbelti.

4.3. Hervör og Cecilia

Áður en lengra er haldið er rétt að geta tveggja meykónga, sem ekki falla beint í það mynstur sem nefnt hefur verið, en taka þátt í hernaði sem karlar og skipta þá jafnframt um nafn. En aðstæður þeirra eru samt sem áður harla ólíkar.

Frá uppvexti Hervarar segir svo í *Hervarar sögu og Heiðreks* að hún tamdist meir „...við skot ok skjöld ok sverð en við sauma eða borða. Hún gerði ok oftar illt en gott, ok er henni var þat bannat, hljóp hún á skóga ok drap menn til fjár sér.“ (FSN 2 1981:10-11) Hún tekur þátt í hernaði og hefur forystu á hendi; gegnir þá stundum nafninu Hervarður. En skyndilega snýr hún við blaðinu.

Síðan var Hervör langa stund í hernaði ok varð mjök sigrsæl. Ok er henni leiddist þat, fór hún heim til jarls, móðurföður síns; fór hún þá fram sem aðrar meyar, at vandist við borða ok hannyrðir.

(FSN 2 1981:23)

Engu að síður sér hún sig knúna til að grípa til vopna síðar en í þeirri orustu fellur hún. Það er óvenjulegt að meykóngur láti lífið á þann hátt, alltént er það á skjön við aðrar íslenskar rómönsur.

Cecilía konungsdóttir hin fagra telur Mírmann hafa svikið sig í tryggðum. Hún grípur til þess ráðs að herklæðast og tekur upp nafnið Híringur. Hún fær því til leiðar komið að þau hittast á vígvellinum þar sem Mírmann verður að lúta í lægra haldi. Cecilía hefur fengið vilja sínum framgengt og þarf því ekki lengur á meykóngsgervinu að halda (RS 3 1982:78-94)

Síðar verður fjallað nánar um þessa sögu frá öðru sjónarhorni, en hún geymir nokkur skemmtileg erótísk atriði.

4.4. Sigurðar saga þögla

Sigurðar saga þögla er einhver litríkasta og skemmtilegasta sagan af þessari tegund. Sedentíana, dóttir Flóres og Blantzeflúr, erfir mikið ríki eftir foreldra sína. Hún hefur búið um sig í rammgerðum kastala í borg þeirri er Treveris heitir. Hún er öðrum konum vænni og fegurri, gáfaðri og ráðsnjallari. Að vonum á hún sér marga vonbiðla, en allir verða þeir að hverfa á braut, niðurlægðir á hinn svívirðilegasta máta. Meðal vonbiðlanna eru bræður þrír, þeir Hálfðan, Vilhjálmur og Sigurður. Tveir þeir fyrrnefndu ganga á fund Sedentíönu þar sem Vilhjálmur freistar þess að biðja drottningar bróður sínum til handa. Sedentíana bregst hin versta við. Hún lætur raka hár þeirra, bera tjöru á höfuð þeirra, húðstrýkja þá til blóðs og rista síðan uglu á bak þeirra. Mega þeir þakka fyrir að komast lífs frá þessum hremmingum (RS 3 1982:131).

Yngsti bróðirinn Sigurður er þeirra vitrastur og snjallastur. Hann veit sem er, að Sedentíana verður ekki sigruð eða tamin á hennar heimavelli. Hann verður að fá hana til að yfirgefa kastalann, þetta rammgerða vígi. Það verður ekki gert með fortölum, til þess þarf að beita brögðum.

Sigurður hefur eins og sönnnum riddara sæmir leitað á vit ævintýrinna útí hinum villta heimi óreiðunnar. Þar lendir hann í ýmsum raunum, enda er þetta hans manndómsvígsla. Í þessari för hittir hann flagðkonur tvær, Fálu og Flegðu, og á vald á lífi þeirra. Þær

bjóða honum í helli sinn þar sem þær gefa honum ýmsar gjafir. Merkilegasti gripurinn er spjald með fjórum gólfum og sitt gler í hverju gólfi. Með því að horfa í eitt glerið sýnist maður bjartur og blíðlegur, hið annað eins og ljótur og leiðinlegur tröllkarl, hið þriðja fótstór dvergur með fót síðum höndum og hið fjórða svo sem eins og einn ljótur svínahirðir (*RS 3 1982:161*).

Áður en Sigurður heldur til fundar við Sedentíönu hittir hann dverg nokkurn, sem gefur honum stein einn, sem er þeirrar náttúru að eigandi hans getur farið huldu höfði. Dvergur upplýsir líka að drottningin eigi líka stein sem er gæddur þeim eiginleika, að ef hún horfir í hann getur hún séð allt það er fram fer í heiminum. Dvergur býðst til að stela steini drottningar (*RS 3 1982:195-197*).

Sigurður dylst undir nafninu Amas þegar hann heldur til fundar við Sedentíönu, sem á sér einskis ills von. Þegar rétti tíminn er kominn ríður Sigurður (Amas) fram hjá herbergi drottningar og ávarpar hana mörgum fögrum orðum. Tekur hann fram glerið, er flagðkonur höfðu gefið honum, og lítur á þá hlið er gjörði hann að hinum fegursta riddara. Hann heldur á skínandi gulli í hendi sér og við þessa sjón bregður Sedentíönu mjög.

Og svo undarlegur girndarneisti flaug um hennar brjóst og hjarta svo ótt og ákaft, að hún kenndi sig eigi lifa mega innan lítils tíma, ef hún missti elsku og ástar þessa hins kurteisa ríðara, er svo undarlega fagur og fríður var umfram alla jarðneska skepnu, þá sem hún hafði séð.

(*RS 3 1982:204*)

Það er ekki að sökum að spyrja, drottning yfirgefur kastalann og heldur til fundar við þennan fagra riddara. Hann víkur undan en hún „...sótti eftir með alvöru og líkamslysting...“ (*RS 3 1982:204*) Jafnan ríður hann undan og hún á eftir, með endurnýjuðum ástarbruna í hvert sinn er hann snýr hesti sínum mót henni. Hún eltir hann langa vegu, það kólnar í veðri og tekur að hvesa. „Hún hafði eigi fleiri klæði en einn náttserk og yfir hjúp af silki.“ (*RS 3 1982:205*)

Sigurður hverfur henni sjónum og hún er rammvillt í skóginum. Vindurinn eykst og það fer að frysta með éljadrífu. Hún finnur skjól hjá hæð einni og leggst þar niður. Hyggur hún nú að hér muni hún beinin bera. Þá gengur fram á hana svínahirðir með flokk sinn. Hann aumkvar sig yfir hana og kveðst ekki hafa önnur úrræði en að hún megi fá hita af hans holdi.

„En þér megið það sannlega vita, að ef yðvart hold hitnar af mér, að eg muni vera manni líkur, þó að eigi væri svo skemmtilegt hold sem yðvart.“

(RS 3 1982:207)

Sedentíana verður að hætta á það, annars er henni bráður bani búin.

Og hér eftir leggst hann niður hjá henni og gerir hennar líkama heitan og réttan. Og síðan tók hann hana með afli, og undrast hún það mjög, hversu hans líkami var gleðilegur viðkomu, og það, hversu sterklega að hún var höndluð. Og nú að fullu var hún því rænt, sem hún kunni aldri aftur að fá, en það var hennar jungfrúrdómur.

Nú sem leið mjög náttin og frúin var heit orðin bæði af Amorsleikum og því, er veðrið tók að batna, þá vendir svefn að drottningu, og sofnar hún. (RS 3 1982:207-208)

Þegar Sedentíana vaknar af værum blundi hefur veðrinu slotað. Hún sér hvar riddarinn Amas ríður hjá og enn hefst eltingaleikur. Amas hverfur sjónum hennar og er á kveld líður gerir hríð með frosti og drífu. Hún leitar skjóls hjá steini einum. Þar rekst dvergur á hana, sem var bæði digur og höfuðmikill. Dvergurinn vill hafa nokkra skemmtan af ljósum líkama hennar og verða hún að gangast undir það, vilji hún lífi halda (RS 3 1982:208-210).

Leggst hann nú undir steininn og rýmir sinn skinnstakk, og varð hann þá svo mikill sem hún væri stödd í húsi einu heitu. Tekur hann þegar til hennar með miklu afli, svo að hún mátti enga mótstöðu veita, og hann með henni alla skemmtun hefir, en það undrast hún mest, að henni kenndist hann mannlegur maður og náttúrlegur í öllum þeirra viðskiptum.

(RS 3 1982:211)

Dvergurinn launar fyrir sig með því að skilja eftir allra handa krásir og vín, sem kom sér vel, því hún var bæði hungruð og þyrst. Aftur birtist riddarinn Amas en það fer á sömu leið, hann hverfur í burskann og að kveldi leitar hún skjóls hjá vel digru tré. Þá birtist jötunn, heldur en ekki ófríður, svartur og svipillur og hafði munn svo stóran sem jökulsprungu væri. Varð hún mjög hrædd við sýn þessa, en er algjörlega á valdi risans (RS 3 1982:211-214).

Hann tekur hana nú og lætur hana undir sinn mikla skinnstakk, og í stað fekk hún nógan hita, og eigi þótti henni hann svo hræðilegur viðkomu sem hann var illur að sjá og nú eigi stærri en mennskur maður, og var hann í silkiskyrtu, og skikkar hann nú hennar fögrum líkama sem honum líkar.

(RS 3 1982:214)

Það liggur nokkurn veginn í augum uppi að það er einmitt Sigurður sem hefur brugðið sér í líki svínahirðis, dvergs og jötuns. Hann lætur sér ekki nægja að nauðga Sedentíönu einu

sinni heldur þrúvegis – svo að verkið sé nú örugglega fullkomnað. Til að komast yfir drottningu, afmeyja og temja meykónginn, þarf Sigurður að draga hana með véllum út úr öryggi hennar og úti hina villta náttúru, umhverfi sem Sigurður þekkir gjörlla.

Er þessi saga þá full af kvenfyrirlitningu eins og margar aðrar slíkar? Án efa myndum við líta á hana sem andfemíníska í fyllsta máta. En við verðum að hafa í huga að konur voru lægra settar á miðöldum heldur en gengur og gerist á okkar dögum. Fólk á miðöldum hefur án efa ekki litið á þessar sögur sem karl- eða kvenlægar. Þær voru líka sagðar fyrst og fremst til skemmtunar. Og sé horft fram hjá því verður að telja *Sigurðar sögu þöla* með allra skemmtilegustu frumsömdu riddarasögum.

4.5. Hrólfs saga Gautrekssonar

Þornbjörg heitir dóttir Eireks þess er réð yfir Svíaríki. Hún þykir hverri konu vænni og vitrari, en þó var sá ljóður á hennar ráði að mati konungs, að hún vandi sig við burtreiðar og skyldingar og kunni slíkar listir engu síður en riddarar. Konungur bað hana heldur „...hafa skemmusetu sem aðrar konungadætr.“ (*FSN 4 1981:63*) Virðir hún bón föður síns að vettugi, kveðst heldur kjósa sér líf riddarans. Verða þær sættir að Eirekur gefur henni þriðjung ríkis síns og hefur hún aðsetur þar sem heitir að Ullarakri. Tekur hún upp nafnið Þórbergur og „...skyldi ok engi maðr svá djarfr, at hana kallaði mey eða konu, en hverr, er þat gerði, skyldi þola harða refsing.“ (*FSN 4 1981:64*)

Að vonum er slíkur kvenkostur freisting ungum, hraustur og djörfum höfðingjasyni. Hrólfur Gautreksson, konungur yfir Gautlandi, veit sem er að það er ekki heiglum hent að komast yfir slíkan kvenkost þar sem Þornbjörg er. Hrólfur hefur líka heyrt hversu Þornbjörg hefur farið illa með vonbiðlana. Hún hefur látið blinda þá, gelda, handhöggva eða fóthöggva og jafnvel drepið suma (*FSN 4 1981:70*).

Hrólfur fær samþykki Eireks konungs að hann megi kvænast henni. Með þeim orðum heldur hann til fundar við Þórberg/Þornbjörgu og ber upp bónorð sitt. Hún bregst eðlilega illa við þessu og hrekur hann á brott úr höllinni. En hún veit sem er að Hrólfur lætur sér þar með ekki segjast; hann mun örugglega gera aðra tilraun. Lætur hún nú gera rammyggilegt virki umbergis höllina meður vígvélum, valslöngum og skoteld (*FSN 4 1981:80-84*).

Hrólfur og kappar hans reyna nú að vinna virki það sem Þornbjörg hefur látið gjöra. Þeir fá hina háðulegustu útreið, Þórbergur og menn hans gera óspart grín að þeim, væna þá um ragmennsku og gefa jafnvel í skyn að þeir séu argir með því að bera út fyrir þá pell og silki. „...þykki mér konungr Svíanna heldr heitu míga,“ segir Ketill bróðir Hrólfs (*FSN 4* 1981:92-93).

Eftir hálfmánaðar umsátur sér Hrólfur, að virkið verður ekki unnið nema með vélum. Tekst þeim að grafa rauf í virkisvegginn og sér Svíakóngur sitt óvænna og flýr úr höllinni. Þegar Hrólfur og kappar hans hafa rofið virkið (skírlífisbeltið) er eftirleikurinn næsta auðveldur. Þornbjörg má sín lítils á opnum vígvelli og með fámennara lið (*FSN 4* 1981:93-94).

Í orðræðu Ketils og Þornbjargar er fleira gefið í skyn en sagt er berum orðum; orðræðan ber vitni erótíkskri glettni.

Ketill var þá svá nær kominn konungi þeira, at hann sletti flötu sverði um lendar konungi ok greip hann ok mælti: „Frú,“ segir hann, „svá lokkum vér af yðr lendakláðann, ok kalla ek þetta klámhögg.“

Konungr mælti: „Þetta högg skal þér eigi til frægðar verða,“ ok slær Ketil með öxi undir eyrat svá hart, at fótunum kastar fram yfir höfuðit, ok mælti: „Svá sláum vér jafnan hunda vára, ef oss þykkir ákaft geyja.“ (*FSN 4* 1981:95)

Hrólfur hefur tekizt ætlunarverk sitt og sigrað meykónginn. Hún verður að gefa upp vopn sín og ríki sitt, sem hún þáði af föður sínum. Að sama skapi eflist vald Hrólfs konungs. Karlveldið hefur sigrað rétt einu sinni. Leið hennar liggur þangað sem karlarnir vilja hafa hana.

Eftir þat gekk hún til skemmu, en gaf í vald Eireki konungi vápn þau, er hún hafði borit. Settist hún til sauma með móður sinni, ok var hún hverri mey fegri ok fríðari ok kurteisari, svá at engi fannst jafnfríð í norðrálfu heimsins.

(*FSN 4* 1981:97)

5 Samskipti við tröll

Margar skemmtilega frásagnir eru af samskiptum manna og tröllkvenna, einkum í fornaldarsögum Norðurlanda. Þessi samskipti karla og tröllkvenna fara fram úti náttúr- unni þar sem tröllin búa. Oft á tíðum eru þær ógnun við samfélagið og því verður að koma þeim fyrir kattarnef. Tröllkonur ráðast gjarnan á skip karlanna, tákn þeirra um

skipulagt samfélag. Erótískar lýsingar einkenna oft þessar frásagnir og sumir hverjar anzi gróteskar.

Tröllkonur eru ögrun við manndóm karlanna. Á táknrænan hátt afhjúpa þær ótta þeirra við kvenlegt vald sem er sterkara og stærra en þeir. Í mynd tröllkonunnar sameinast náttúran og konan, og á hvoru tveggja verður karlinn að sigrast....Þær sýna skipum karlanna sérstakan áhuga, og reyna að eyðileggja þau. Þær hrista skipin, og þannig tekst þeim oft að rífa sundur þessa smíð samfélagsins.

(Helga Kress 1993:119)

Í *Hjálmþés sögu og Ölvis* segir af samskiptum Hjálmþés við tröllkona eina heldur stórskorna. Henni er lýzt svo, að hún „...hafði gullofinn dúk á knjám sér ok kembdi sér með gullkambi.“ (FSN 4 1981:205)

Þau kveðast á og eru vísur Hjálmþés fullar bölbæna í garð skessu, sem henni þykir að vonum miður.

Hún segir hann margt orð tala svívirðiliga, - „væri hitt tilheyriligrá mannligum manni at hafa aðra viðleitni við unga stúlku ok hreinliga en tala illa. Þykki mér þú efniligr maðr, en mér væri forvitni á at prófa ungan mann ok missa minn meydóm ok láta handtéra mik um mittit.“

(FSN 4 1981:206)

Hjálmþér bregzt við með því að höggva af henni höndina við úlfliðinn. (FSN 4 1981:206) Vissulega ódregilegt athæfi, en það er alkunnugt minni í þjóðsögum og ævintýrum að hetjan höggvi hönd af tröllkonu, svo hún valdi ekki samfélagi karlhetjanna frekari spjöllum.

Tröllkona þessi á nú systur og nú birtast þær til að hefna níðhöggssins.

Hjálmþér sá á sjóinn ok sá nú tröllkonur svá stórar ok illúðligar, at engar þóttist hann sét hafa þeim líkar. Þær höfðu rifit í sundr öll skipin, en drepit alla mennina ok borit góz allt á land ok váru eigi litlar í starfinu.

(FSN 4 1981:207)

Fyrir þeim fór Margerður, þeirra ógnvænlegust. Höfundur sögu sparar ekki lýsinguna.

Hún hafði kryppu stóra, ok bar hana hæra en höfuðit. Hún hafði eitt auga, ok stóð þat í miðju enni, ok var kerla ekki frýnilig yfirlits. Hún gekk fyrir þeim systrum. Hún hafði nef ok klær af járnri ok tvær tennr álnar langar, ok stóðu fram ór kjafti hennar, en vörrin in neðri tók niðr á bringuna. Þat sá Hjálmþér, at hún mundi mega gefa gildan koss, ef hún kynni svá fyrir sik at koma vörrinni sem hún var stór til. Þær váru stuttklæddar píkurnar ok göptu kjöftunum, en skóku höfuðin.

(FSN 4 1981:207)

Þetta er grótesk lýsing, en blandin glettni. Það er ekki aðeins holdafarið sem skiptir máli heldur líka klæðaburðurinn. En Hjálmpé og köppum hans tekst að útrýma þessum tröllkonum og er það ekki sízt að þakka fylgisveini Hjálmpés, Herði. (*FSN 4 1981:209-210*)

5.1. Sturlaug's saga starfsama

Tvær gerðir eru til að *Sturlaug's sögu starfsama*. Elzt þeirra er AM 335 4to frá því um 1400 en það er mjög skaddað. C. C. Rafn, Valdimar og Guðni lögðu AM 173 fol. til grundvallar í útgáfum sínum. Otto J. Zitzelsberger gaf árið 1969 út textafræðilega útgáfu af báðum gerðum sögunnar og bar saman texta þeirra. Hin útgáfan er í Ny kgl. Sml. 1228 fol. Það eru til 43 handrit af þessari sögu og þau nýjustu eru frá liðinni öld. Bendir það til mikilla vinsælda sögunnar allt fram á vora daga. (*Sturlaug's saga starfsama 1969:0*)¹¹

Yfirleitt eru það tröllkonurnar sem ágirnast karlanna. Sviðsetningin á ástum tröllkonu til karlhetju er mjög óvenjuleg í *Sturlaug's sögu*. Sturlaugur, Hrólfr nefja og félagar þeirra eru að leita að úrarhorni í Hundingjalandi þegar á vegi þeirra verða þrjár tröllskessur. Tvær þeirra biðja þá að ferja sig yfir í ey nokkra þar sem þær ætla að taka arf eftir föður sinn. Þá birtist hin þriðja, sem er sínum stærst og illúðlegust. Hún vill gefa þeim atgeir sinn gegn því að hún fái að kynnast Hrólfi nefju, sem hún segir að sé „...mikit mannvál ok hverju kvikendi fljótari.“ (*FSN 3 1981:133-135*)

„Ek vil, at þú komir Hrólfi nefju til mín, svá at ek megi sjá bolvöxt hans ok yfirlit, því at mér er mikit sagt af hans andlits fegrð.“

(*FSA 3 1981:135*)

Hrólfi nefju er bersýnilega ekkert um Hornnefju gefið, en svo nefnist tröllkonan. Hann grípur til harla óvenjulegra ráða til að halda skessunni í hæfilegri fjarlægð.

Þeir fara nú burt á bergit, þar sem kerla var undir niðri. Hrólfr sezt á framanvert bergit ok lætr síga fætr fram. Hann var svá búinn, at hann var í geitbjálfa loðnum ok digr kálfsbelgr á höfði honum, ok stóð upp rófan ór miðju höfði, en ketilhrím var núit um andlit hans allt ok skotit kefli í munninn, svá at stórar kúlur váru út af kinnunum; uxahorn eitt hafði hann í hendi sinni; svínsbelg hafði hann á hvárum fæti, ok er hann var svá búinn, þá þótti hann eigi at öllu sjáligr, þar er hann sat á berginu ok gapti við tunglinu, því at þat skein glatt.

(*FSA 3 1981:136*)

¹¹Þetta er ekki misritun. Fyrsta síðan hefur ekkert blaðsíðutal.

Það er ekki gott að segja hvort Hrólfr sé að fremja einhvers konar gjörning eða seið með þessu athæfi sínu eða hvort hann sé að breytast í varúlfr þar sem hann horfir mót fullu tungli. Hafi þetta verið ráð hans til að forðast ágirnd tröllkonunnar eða koma í veg fyrir frekari atsókn hennar hefur það misheppnast gjörsamlega, því þessi gjörningur Hrólfs leiðir bara til þess að Hornnefja girnist hann þeim mun fremur.

Hún heldr þá hendi fyrir augat ok hyggir at vandliga ok mælti: „Þat er þó satt at segja,“ segir hún, „at allgerviligr er maðrinn, ok hefir eigi ofsögum verit frá sagt þessum manni, er svá er tíguligr.“

Nú þrútnar hún í vexti mjök. Síðan teygir kerla sik upp í bergit ok þóttist aldri geta hann fullkomliga sét, þar er hann var. „Eigi kann ek hér önnur ummæli at hafa en mér þætti sú kona sæl, er þenna mann hlyti.“

(FSN 3 1981:136-137)

Við svo búið má ekki standa. Tröllkonan má ekki koma fram vilja sínum. Sturlaugur leggur hana í gegn með atgeirnum, sem hann fékk hjá henni. Ekki er gott að segja hvers vegna tröllkonan girnist einmitt Hrólfr fremur en aðra kappá Sigurðar. Alltént er gefið í skyn að einhver andlegur skyldleiki sé með þeim, því þau hafa bæði sama viðurnefni: nefja.

Í hinni útgáfunni, Ny kgl. sml. 1228 fol., er lýsingin á þeim ástarhug, sem Hornnefja ber til Hrólfs, öllu mergjaðari og erótískari.

sem hann var kominn nær jþkli einvm ser hann ganga á móti ser trþllkonu. hon var í skorpnnum skinnbiálba belg á hþfði oc hár sem arnarfiaðrer oc tók langt á herðar niðr. líkari þótti honvm ásýnd hennar ólmvm vargi enn manni. þessi hafði ás stóran í hendi enn í annarri atgeir harla bitrligann. hon ber rostunga tva á baki enn biþrn dauðann í fyrir oc þrammaði þúgliga. Sturlaugr spurði hver þessi væri hin líóta oc leiðinliga er þar gengi. hon quez Hornefia heita „oc byggji ek helli einn skamt í brott heðan oc tvær systr mínar. enn hverr er þessi er við mik ræder enn þó þarf ek valla at því at spyria enn þetta er Sturlaugr Starfsami. enn at því villda ek spyria þik er Hrólfr Nefia her með þer. hann er sagðr afbragð manna oc sva stóa girnd hefi ek at sofa hiá honvm oc spennu hann þrmum mínvm báðvm oc mundi ek þllum meinvm firrt. því síðan ek heyrði hann nefndann hefr sva stór kláði oc kitlandi fiðringr sótt allt mitt holld oc hþrund sva valla má ek matar nióta. oc margar koma þær stunder nær ek til hans þenki at ek fæ mig valla stþðvat.“ Sturlaugr tók at brosa oc mællti „eigi ertu vel stþdd enn þo mun sva búiit standa því þið erut ecki lyndislík oc þarftu ecki þess at vænta þar þú ert líkari flagði leiðinligu enn mennskvm mþnnvm.“ Hornefia mællti „leyf þú mer at ek megi síá hann mínvm augvm oc mun mer þá nockuð hugsvala harmar mínir.“

(Sturlaugs saga starfsama 1969:720-721)

Það er ekki aðeins Hornnefja sem ber svo hlýjan hug til Hrólfs nefju. Systur hennar tvær eru engu síður hrifnar af honum. Allir vilja þær kaupa dýru verði þó ekki væri nema berja hann augum. Í þessari útgáfu er minna lagt upp úr vörnum þeim, sem Hrólfr reynir að beita og hér horfir hann móti sólu en ekki tungli. Því er á hinn bóginn betur lýst hvernig Hornnefja reynir að teygja sig eftir honum.

Hornnefia mælti „alldri sá ek fegri mann enn þenna oc þlvm meinvm mundi ek firrt væri ek nærr honvm.“ tok hon nú at tegia sig. sva hon var nú orðin jafnhá berginu oc tók nú at rétta hendurnar vpp á biþrgin. þrútnaði nú sva at þeim þótti vndrum gegna enn Hrólfr brá ser hvargi við.

(*Sturlaugs saga starfsama* 1969:723)

Sturlaugur sér sitt óvænna og drepur hana með atgeirnum sem hún gaf honum. Ekki þarf að óttast lengur að Hornnefna ógni samfélagi karlanna.

5.2. Örvar-Oddur

Oddur heitir sonur Gríms loðinkinna Ketilssonar hængs. Hann er öllu kunnari í fornsögum okkar en faðir hans og afi sem sérstakar sögur eru af. *Örvar-Odds saga* er meðal lengstu fornsagnanna og hvað viðburðarríkust. Þrátt fyrir vaskleika Odds má hann þó sætta sig við að vera smánaður, þegar hann lendir hjá jötnafjölskyldu í Risalandi. Gammur hafði rænt Oddi og flogið með hann í hreiður sitt þar sem hann gefur honum að borða sem ungum sínum. Verður Oddur að dúsa þar sem hann er niður kominn í hreiðrinu í fuglabjörgunum, því engin finnst flóttaleiðin. Það er ekki fyrr en jötuninn Hildir kemur á steinnökkva sínum sem Oddi er borgið. Hildi þykir hann lítill fyrir mann að sjá og kallar hann kögurbarn, þ.e. kornabarn. Jötuninn segir honum að hann eigi konu er Hildiríður heitir. Hafi hún fætt dreng í gær, sem nefndur var Goðmundur. Þá kveðst hann og eiga dóttur, Hildigunni (*FSN 2* 1981:271-273).

Hildi þykir Oddur bæði hortugur og ráðríkur.

“Ekki barn jafnlítit hefi ek fundit hortigra en þik né ráðugra, því at mér þykkir svá mega at kveða, at þú sért ekki nema vitit eitt, ok þykki mér í þér in mesta gersimi, hversu kofrmálugr¹² þú ert, ok skal ek færa þik Hildigunni, dóttur minni, ok skal hún hafa þik fyrir leiku ok fósra þik ok fæða þik upp jafnfram Goðmundi, syni mínum.“

(*FSN 2* 1981:273-274)

¹² Þ.e. reiðilegur í tali.

Hildir biður dóttur sína að gæta barnsins.

Hildigunnr tók við Oddi ok er hann stóð hjá henni, tók hann henni tæpt í mitt lær, en þó hafði Hildir allan vöxt yfir hana, eftir því sem karlmanni heyrði. En er Hildigunnr tók Odd upp ok setti hann í kné sér, þá sneri hún honum fyrir sér ok mælti:

„Tuttr litli
ok toppr fyr nefi,
meiri var Goðmundr
í gær borinn.“

Hún leggr hann þá í vöggju hjá risabarninu ok kvað yfir þeim barngælur ok gerði vel við hann. En er henni þótti hann óspakr í vögggunni, lagði hún hann í sæng hjá sér ok vafðist utan at honum, ok kom þá svá, at Oddr lék allt þat, er lysti; gerðist þá harðla vel með þeim.

(FSN 2 1981:274)

Hér er gjört grátt gaman að hetjunni sjálfri. Henni er þó ekki alls varnað því Oddi tekst að gera Hildigunni óléttu. Hildigunnur tjáir honum jafnframt ást sína.

„Um þat væri mér þó meira,“ sagði hún, „því at ek ann þér mikit, þó at þú sért lítill. Þarf ok eigi við þat at dyljast, at ek em með barni, þó at þat mætti ólíkkligra þykkja, at þú værir til þeira hluta fær, svá lítill ok auvirðiligr sem þú ert at sjá. Er þar þó engi í tigi til nema þú at vera faðir at barni því, er ek geng með.“

(FSN 2 1981:275)

Oddur biður Hildigunni að senda sér barn þeirra að tíu vetrum liðnum – sé það sonur. Hildigunni þykir ákaflega sárt að kveðja Odd og það er eins og hún minnki við kveðju-stundina en Oddur stækki.

“Þú skalt enn öllu þessu ráða sem öllu öðru,“ sagði hún, „okkar í milli, enda far þú nú heill ok vel.“ Grætr hún þá sáran, en Oddr ferr á skip.

(FSN 2 1981:276)

5.3. Frásögn Tertíusar

Flóres saga konungs og sona hans er riddarasaga, samin á Íslandi á ofanverðri 14du öld. Sagan segir frá þremur konungssonum sem verða viðskila í æsku, en hittast síðar á lífsleiðinni. Segir þar hver sína sögu. (RS 5 1982:x)

Einn bræðranna, Tertíus, segir frá því hvernig hann, þá barn að aldri, komst í hann krappann ásamt skipsfélögum er margýgur með tröllsásjónu veittist að þeim og braut skip

þeirra. „Tók margýgurin mig og bar mig millum brjósta sér.“ (RS 5 1982:107) Ber hún hann uppá eyland mikið, en honum tekst að flýja. Þá mætir hann sækonum bláklæddum, en þær eru þeirrar náttúru að „...þær eiga eðli í sjó sem fiskur, en sýnast á landi sem menn.“ (RS 5 1982:108) Þær flytja hann til byggða sinna á sjávarbotni og sakar hann ekki. Hann vildi ekki neyta matar og fluttu þær hann þá aftur uppá land. Þá kemur að þeim risi mikill og flýja þær sækonur en risinn tekur hann og ber undir bjálfa sinn.

Hann kom til byggða sinna um kveldið. Þá var kona hans fyrir litlu léttari orðin og hafði fætt dóttur; hún var því nær á vöxt sem eg. Hann sýndi mig kerlingu sinni, og þótti þeim báðum vænt um mig, og vorum við lagin í eina vögg, risadóttir og eg, og sitt brjóst kerlingar saug hvort okkar. Óx eg þar upp hjá þeim, þar til að eg var þrettán vetra gamall, og lá eg hjá risadóttur hverja nótt, og unnumst við mikið. Þá bað eg fóstura minn gefa mér meyna, og það veitti hann mér; og var nær um afl okkart, en stærri var hún vexti.

(RS 5 1982:1

Frásögn þessi minnir um sumt á svipað atvik úr *Örvar-Odds sögu* nema hvað Tertíus er hér meðhöndlaður í fyrstu sem hvítvoðungur. Sá er líka reginmunur á þessum frásögnum að *Örvar-Odds saga* er öllu myndríkari og skemmtilegri og þar fær hetjan háðulegri útreið.

Tertíus vex þarna upp með risadóttur og vill nú flytjast á brott með hana með leyfi föðurins, sem er því samþykkur. Dóttir risans fylgir honum en hverfur brátt úr sögunni rétt eins og hún skipti engu máli. Hún er heldur aldrei nafngreind (RS 5 1982:109-110).

Af þessum tröllasögum að dæma má greina þær í grófum dráttum í tvennt. Annars vegar eru þær sögur þar sem samskipti manna og trölla eru fjandsamleg. Þeim viðskiptum líkur allajafna á því að karlhetjurnar ráða niðurlögum tröllanna. Hins vegar eru sögur um fjarska vinsamleg samskipti trölla og manna. Þá verða karlhetjurnar eins og hluti af tröllafjölskyldunni svo sem *Örvar-Odds saga* og *Flóres saga konungs* eru dæmi um. Það er líka einkennandi fyrir þessa síðarnefndu tegund sagna, að tilfinningar tröllkvenna í garð karla, sem þær hafa haft mök við, eru sterkari og ástríðuþrungnari en hjá körlunum. Og öðru fremur en þær trygglyndari en hinn hverflyndi karlmaður.

6 Aðrar sögur

6.1. Möttuls saga

Möttuls saga er næsta óvenjuleg meðal riddarasagna. Hún er gamansaga fyrst og fremst en er sérstök að því er varðar tíma og rúm söguefnis. Sögusviðið er höll Artús konungs og atburðir eiga sér stað á einum degi, ólíkt hefðbundnum riddarasögum þar sem sögu-svið er margbreytilegt og flókið og sögurnar gerist á löngum tíma.

Möttuls saga var þýdd úr frönsku á tímum Hákonar konungs og talin fyrsta franska gamansagan er þýdd var á norrænu. Hún heyrir til þeirri bókmenntagrein í Frakklandi er nefnist fabliau eða fábiljur, en blómaskeið þeirra var frá miðri 12du öld og fram undir miðja 14du öld. Slíkar sögur hafa þótt fremur kvenfjandsamlegar, en þær segja gjarnan frá giftri konu og sambandi hennar við eiginmanninn og elskhugann. Í þessum sögum eru orðaleikir tíðir og mikið um skrauthvörf. Hið síðarnefnda á þó ekki við um *Möttuls sögu*. (Sverrir Tómasson 1989:216 og 211)

Möttuls saga greinir frá því að til hirðar Artús konungs kemur sveinn með skikkju, er álfkona hefur saumað af ótrúlegum hagleik. Skikkjan er þeirrar náttúru, að þegar kona klæðist henni kemur í ljós hvort hún hefur verið manni sínum trú eða ekki. Reynist eiginkonan hafa verið ótrú hentar skikkjan henni engan veginn, verður annað hvort of stutt eða of síð; hafi hún aftur á móti haldið sig við dyggðugt lífverni og verið trygg húsmóðir í hvívetna mun skikkjan sanna það, því þá verður hún eins og sniðin á hana (*RS I* 1982:257-260).

Fer nú fram nokkurs konar skírlífispróf þar sem hver hefðarfrúin á fætur annarri mátar skikkjuna. Og viti menn. Allar reynast þær hafa verið ótrúar mönnum sínum, sem eru riddarar göfugrar ættir, jafnvel konungbornir. Það kemur meira að segja í ljós á hvern hátt þær hafa stundað sitt framhjáhald.

„Eigi mun eg einn svívirður í dag fyrir sakir minnar unnustu, því að það, sem eg sé nú undir skikkjunni, kann eg vel skilja, hvað merkir. Þessi mæi hin fríða,“ sagði Kai, „hefir upp lyft sínum hægra fæti, en hinum vinstra hefir hún kyrr legið, meðan hún leyfði það, er hún vildi, þeim er henni líkaði.“

(*RS I* 1982:269)

„En nú vil eg segja það, er mér finnst, um athæfi hennar, meyarinnar, opinberlega. Skikkjan er henni svo síð hinum hægra megin, - þá sýnist oss það, að hún lætur gjarna fallast á þá síðu með góðum vilja sínum, en vinstra megin, þar sem möttullinn er upp hlaupinn, - sýnir oss, að hún angrast eigi við, þó að þar sé upp tekin klæði hennar.“

(RS I 1982:270-271)

„Svo finnst mér á um hennar hag sem þú megir alla oss spotta. Og megum vér þó að sönnu allir sjá, að eigi er unnasta þín þar vel huld, er lendar hennar eru berar. Nú segi eg það öllum heyröndum, að hún er því vön að láta smánarlaust þjóna sér aftan, svo sem skikkjan sýnir berlega.“

(RS I 1982:274-275)

Ef til vill er mestan syndin hjá þeirri mæ, er möttulsböndin slitnuðu í sundur svo að skikkjan tolldi hvergi á henni og féll á gólfið. (RS I 1982:272)

Loks finnst þó ein heiðarleg mæ sem þessi skikkja hentar fullkomlega. Hún var ekki meðal hinna göfugu meylla heldur þurfti að leita hennar á loftinu. Minnir óneitanlega á ævintýrið um Öskubusku - nema hvað hin síðarnefnda hafðist við í eldhúsinu.

Vissulega er saga þessi full af kvenfyrirlitningu þar sem hver hefðarmeyjan á fætur annarri er niðurlægð. En eru ekki hinir göfugu riddarar líka niðurlægðir? Maður fær ekki betur séð en það sé gert óspart grín að þeim, þegar þeir fara að deila um það hvort þessi eða hin kvinnan hafi syndgað meir en önnur.

Í upphafi leggur höfundur sögunnar áherzlu á það, að þetta sé gamansaga fyrst og fremst. En öllu gamni fylgir þó nokkur alvara eins og við vitum. Þessi saga er einnig ádeila á hræsni og skinhelgi aðalsins, undir fögru og glæsilegu yfirborði leynast svik og ótrúleiki. Höfundur undirstrikar háðið í sögunni, þegar hann leggur mikla áherzlu á glæsileika og hátíðleika riddaramennskunnar í upphafi og hvernig hann lýsir fjálglega kurteisni og klæðnaði riddarafólksins.

6.2. Tákn í Mírmanns sögu

Í upphafi *Mírmanns sögu* segir Brígiða, kona Hermanns jarls í Saxlandi, frá því að hún sé þunguð. Jarlinn tekur þessum tíðindum fálega, segir að hann hafi dreymt

„...að þú hafðir orm einn í serk þér og þótti mér vera undarlega mikill og ólmur. En þá er eg vilda hann taka og kippa honum frá þér, beit hann mig svo, að eg hafða ekki afl við honum.“

En hún svarar: „Lítills þykir mér vert um draum þenna. Manst þú í sumar, er við lékum okkur, að þú skemmdist á tygilknífni mínum, er eg hafða í serk mér? Og er þetta ekki meira mark.“

(RS 3 1982:5)

Brígiða fæðir son sem er gefið nafnið Mírmann. Hún annast uppeldi hans með miklum ágætum, kennir honum meðal annars að lesa latínu og aðrar fornar bækur, er hann er

aðeins átta ára (*RS 3 1982:7*). Brígíða var líka ákaflega vel að sér um margt og þótti kunnusta hennar með því móti, „...að það þótti allt sem barnavípur, er aðrar konur gerðu, hjá því, sem hún gerði.“ (*RS 3 1982:4*)¹³

Mírmann er alinn upp í heiðnum sið, en lætur síðar af öllum blótskap og ákveður að skírast til kristinnar trúar. Það líkar foreldrum hans illa. Svo fer að Mírmann vegur föður sinn og í hefndarskyni byrlar móðir hans honum gerningadrykk, sem leiðir til vanheilsu hans. Hann leitar lækninga hjá Cecilíu, dóttur konungs í Sikiley, en hún þótti læknir góður. Hún kveður upp þann úrskurð, að af völdum drykkjarins hafi kviknað í kviði hans

„...sá illskukraftur, að hann má líkari þykja ormi en maðki, og blæs hann og angrar allan þinn líkama, og ei mun honum auðkomið úr því bæli, sem nú hefir hann, nema honum bjóðist annað herbergi...“ (*RS 3 1982:53*)

Hún lætur búa Mírmani – eða Jústínus eins og hann nefndist þegar hér er komið sögu – drykk til lækninga. Fer hún sjálf með hann í lítið herbergi og sveinn einn, er henni þjónaði. Bar hún að honum drykkinn með þessum orðum:

„Svo mun nú fara, Jústínus, sem eg hefi sagt þér, að þetta kvikindi mun ei fara þaðan, sem nú er hann, nema honum bjóðist annað herbergi í að fara. Nú þegar þú hefir tekið drykkinn, þá skulum við saman leggja munna okkra, og væntir mig, að þetta illkvikindi renni upp í háls þér og fram í munn mér. Þá tak þú þann hlut með tönnum, er að þér veit, en eg mun leita að geyma þess, er að mér er, og verði nú vilji drottins míns.“

Nú tók hann við drukknum og drakk, og vonum bráðara fann hann, að illskukvikindi renndi í háls honum og lá þar um stund, en hún mælti til hans nokkur orð og særði hann í nafni drottins Jesú Krists hins krossfesta að fara þá lengra. En þau lögðu þá saman sína munna. En þetta illkvikindi varð að hlýða orðum hennar og guðs vilja, og renndi hann þá í munn henni. En hann beit þá í sporðinn, en hún geymdi höfuðhlutinn, en hún hélt á knífi og hleypti í sundur orminum í millum þeirra og tók nú þegar báða hlutana og kastaði í eld.

Þá mælti hún: „Hvað ætlar þú, Jústínus, hversu margar unnustur þú átt þær í Frakklandi, er slíkt mundi við þig gera?“

(*RS 3 1982:53-54*)

Það má skilja draum Hermanns í upphafi sögunnar og viðbrögð Brígíðu við honum sem undanfara þess er koma skal. Hermann talar um orm í serk hennar og hún svarar með því benda honum á, að hann hafði meiðzt af knífi þeim, er hún bar í serk sínum. Ormur og hnífur kom einmitt við sögu í atriðinu hér að ofan. Hér gætu verið kristileg tákni á

¹³ Þetta minnir á Guðrúnu Ósvífursdóttur, en í Laxdælu segir um hana: „Guðrún var kurteis kona svo að í þann tíma þóttu allt barnavípur það er aðrar konur höfðu í skarti hjá henni.“ (*Laxdæla 1999:69*) Laxdæla er einmitt prýðilegt dæmi um áhrif riddarasagna á Íslendingasögur.

ferðinni. Í kristninni er ormurinn tákn freistingarinnar. Hann hefur búið um sig í líkama Mírmanns og það er einmitt móðir hans, sem vel að merkja er bæði göldrótt og heiðinn, er hefir komið honum fyrir í maga hans með gerningadrykk. Það er aðeins á færri kristinnar konu eins og Cecilíu, sem jafnframt er hrein mey, að fjarlægja eða granda orminum, þessu tákni freistingarinnar og heiðninnar. Hnífurinn er hið egghvassa vopn, sem sker sundur orminn. Hnífurinn í höndum Brígiðu er hættulegt vopn, enda sker Hermann sig á honum. Hnífurinn í höndum Cecilíu hinnar fögru er vopnið, sem grandar álögum freistninnar.

6.3. Stjúpa Hjálmpés

Stjúpmæður í ævintýra- og þjóðsögum eru allajafna grimmar og göldróttar. Afbrýðisemi þeirra beinist jafnan gegn dætrum og sonum eiginmannanna.

Ingi konungur hefir misst sína ágætu konu, Marsibil. Einmana og áhyggjufullur reikar hann niður að strönd og sér hvar bátur kemur brunandi. Þar um borð er Lúða, sem er ekkja. Honum lýzt kona þessi kurteis og sköruleg og ákveður að kvænast henni. Hjálmpé, syni Inga, er ekki um hana gefið og hunzar brúðkaupsveizluna (*FSN 4* 1981:179-183).

Einhverju sinni gengur Lúða einsömul til skógar og kemur þangað sem kastali Hjálmpés er. Hún gengur inn um læstar dyr. Hjálmpér tekur vel á móti henni og setur á kné sér. Veizlugestir hverfa brott og skilja þau ein eftir. (*FSN 4* 1981:194)

Drottning mælti þá: „Hverninn lýzt þér á mik? Er ek ekki hreinlig, kvenlig ok kurteis?“

„Vel víst,“ segir Hjálmpér.

Hún mælti: „Hví mun mér svá hamingjuhjólit valt orðit hafa? Betr hefði okkr saman verit hent, ungum ok til allrar náttúru skapfelldligum, ok minn kæri, þat má ek þér satt segja, at þinn faðir hefir mér enn ekki spillt, því at hann er maðr örvasa ok náttúrulauss til allra hvílubragða, en ek hefi mjök breyskt líf ok mikla náttúru í mínum kvenligum limum, ok er þat mikit tjón veröldinni, at svá lystugr líkami skal spenna svá gamlan mann sem þinn faðir er ok mega eigi blómgast heiminum til upphalds. Mættum vit heldr okkar ungu líkami saman temprá eftir náttúrligri holdsins girnd, svá at þar mætti fagrligr ávöxtr út af fjóvgast, en vit mættim skjótt gera ráð fyrir þeim gamla karli, svá at hann geri oss enga skapraun.“

(*FSN 4* 1981:194-195)

Hjálmpér bregzt hinn versti við og „...sló á hennar nasir, svá at blóð fell um hana alla.“ Hún hótar hefndum og hverfur því næst niður í jörðina (*FSA 4* 1981:195).

Sjúpmóðurminnið er býsna algengt í mörgum þjóðsögum og ævintýrum þar sem það gegnir lykilhlutverki. Í fornaldarsögum er það aftur á móti eins konar hliðarfrásögn, sem þessi saga er dæmi um.

Aðalheiður Guðmundsdóttir greinir stúpmóðurminnið í einkum tvær gerðir: annars vegar vonda stjúpan og hins vegar ástleitna stjúpan. Sú ástleitna á það einmitt til að leita ásta við stjúpson sinn. Hún fær rök fyrir gelískum áhrifum í íslenskum stjúpsögum (Aðalheiður Guðmundsdóttir 2001:clxix-clxx).

Stúpmóðurminnið er þó enn eldra. Í grísk-rómverskri goðafræði er þess getið, að Fedra, kona Þesevs, hafi lagt ást á stjúpson sinn, Hippolytos. Sú ást varð ekki endurgoldin (Jón Gíslason 1944:233).

6.4. Dýraveiðar í Þiðreks sögu

Íron jarl af Brandinaborg var mikill veiðimaður. Hann var oft dögum saman úti skógi að veiða dýr. Ísolde, konu hans, þykir hann sýna dýraveiðunum meiri áhuga en henni sjálfri. Hún tekur til sinna ráða.

Þá er jarlinn var nýstaðinn ór sæng sinni, stendr upp fráinn ok gengr út af borginni. Skammt í frá borginni stendr linditré fagrt. Hún gengr undir tréit ok leggr af sér öll klæðin. Þá breiðir hún hendr sínar ok lætr fallast ofan í snjóinn, sem hún er löng. Þá stendr hún upp ok ferr í klæði sín. Hún sér í snjónum líkneskju sína ok alls merki, svá sem kona hefði þar legit. Hún gengr heim til borgar ok þar til, er jarlinn sat yfir matborði.

Hún mælir: „Hví snæðið þér svá snemma, herra? Hvat villtu nú gera?“

Þá svarar jarlinn: „Frú, ek skal ríða út í skóg at veiða dýr, sem minn vandi er til.“

Þá mælti hún: „Hví villtu æ ríða út á veiðimörk, en veiða eigi þau dýr, er hér eru við hönd sjálfa, ok máttu þá ríða heim at kveldi ok sofa í sæng þinni?“

Þá svarar jarlinn: „Eigi eru dýr hér við borgina, þau sem frami sé í at veiða. Smádýr hlaupa hér, þau er ekki vil ek slá mínum hundum til þeira.“

Þá svarar Ísolde: „Herra, hér hlaupa þau dýr hjá sjálfri borg þinni, er varla máttu svá víða ríða í eyðimerkr, er þú munt finna betri veiði en þat, ef þú fær þessi tekit, ok it bezta dýr af þessum öllum, er ek segi þér frá, sá ek nú, er ek var gengin út af borginni, ok ef þú vill skjótt við skipast, þá muntu enn fá tekit þat dýr, ef þú vill veiða. Eigi skaltu gera hesta þína sveituga fyrir þá sök, ok eigi muntu spilla hundum þínum, ok einn saman fær þú þat tekit, ef þú vill. Viltu eigi veiða þat, víst segi ek þér, at þá veiðir þat annarr maðr.“

Jarlinn stendur upp þegar ok gekk með henni út af borginni ok til linditrésins. Þá mælti drottning: „Herra, sé hér nú, hvar þetta dýr mun farit hafa, ok hygg at, ef þú kennir, hvat dýra þetta mun verit hafa.“

Jarlinn lítr í snjóinn ok sér staðinn, at kvenmaðr mun þar niðr hafa lagzt í snjóinn.

Þá mælti fráinn: „Herra, sé nú, ef þú munt sét hafa nokkut þetta dýr. Villtu eigi veiða þat, þá veiðir þat annarr maðr.“

Þá mælti jarlinn: „Frú, þetta dýr skal veiða engi maðr nema ek,“ – ok sneri aftr í borgina ok kallar til sinna manna, at ofan skal taka þeira söðla ok binda hunda hans; nú vill hann eigi út ríða.

(*Þiðreks saga af Bern* 1984:342-344)

Þetta er ákaflega skemmtileg og tvíræð lýsing. Þarna er leikið með orð og merkingar á afar tvíræðinn hátt en myndlíkingin er engu að síður gagnsæ. Með því að höfða til aðaláhugamáls jarlsins getur drottning talið hann á að sinna henni sjálfri – að minnsta kosti um stundar sakir, jafnframt því sem hún hótar að halda fram hjá honum ella.

Förum fljótt yfir sögu. Ísolde deyr á sóttarsæng. Skömmu síðar fer Íron jarl til veizlu í Rómaborg í boði Erminreks konungs. Þar kynnist hann Bolfriönu, konu Áka hertoga, og fellir óðara ástarhug til hennar, enda var hún kvenna fríðust. Bolfríana endurgeldur þessa ást. Íron sendir Bolfriönu bréf og biður hana finna sig í skógarlundi. En Áki kemst að þessu og vegur Íron úr launsátri (*Þiðreks saga af Bern* 1984:363-368).

Þegar Þiðrekur konungur spyr Áka hví hann hafi vegið svo góðan dreng svarar hann:

„Hann vildi veiða í mörkinni tvífætt dýr með vélsamligri flærð ok meðferð ok slægligri ráðagerð beggja þeira fyrir utan minn vilja.“

(*Þiðreks saga af Bern* 1984:369)

Þessi myndlíking kallast á við það, þegar Ísolde líkti sjálfri sér við dýr, þegar hún vildi heldur hafa Íron heima hjá en að hann færi að eltast við dýr úti skógi.

6.5. Apollonius klæðskiptingur

Við ljúkum þessari umfjöllun um erótík í fornaldar- og riddarasögum með einni stuttri kátlegri frásögn af klæðskiptingi, en slíkar frásagnir eru fátíðar í þess háttar sögum. Í íslenskum fornritum kemur okkur helst í hug *Prymskviða* þar sem Þór verður að klæðast brúðarlíni til að endurheimta hamarinn og þegar Skarphéðinn sakar Flosa Þórðarson um að vera brúður Svínfellsás níundu hverja nótt.

Apollonius jarl, bróðir Írons þess er fyrr var nefndur, vill biðja sér til handa Herborgu dóttur Salomons Frakkakonungs. Þessu þverneitar Salomon. Ást Apolloniusar er endurgoldin og einhverju sinni laumar Herborg epli í hendur hans en það hefur að geyma

sendibréf (*Piðreks saga af Bern* 1984:331-335). Vafalaust ekki tilviljun að það er einmitt epli fremur en annar ávöxtur sem hún gefur honum.

Einhverju sinni þegar Salomon er að heiman, dulbýr Apollonius sig sem förukona til að laumast inní höllina. Margar meyjar þykjast kenna hana sem Heppu förukonu, sem verið hafði allra pútna mest. Hún var líka stór og mikil sem karlar og því þekktu þær hann ekki í þessu gervi – þ.e. allar nema Herborg.

Margar meyjar mæltu við konuna ok henda sér gaman at ok þótti vera nýráðligt, er þessi kona var komin.

Frú Herborg gekk til hennar ok mælti við hana sem aðrar meyjar kátliga: „Seg nú, hversu marga menn tók þú á einni nótt?“

Þessi kona þóttist eigi kunna at svara kurteisliga á franseis tungu, sem sómdi at svara konungsdóttur, ok tók upp yfir höfuð sér öllum fingrunum. Þá hló konungsdóttir ok allar meyjar. Hér af þykkist frúin vita, hversu marga menn hann tók heiman með sér, en aðrar meyjar hlæja ok halda tíu menn tóku hana á einni nótt.

(*Piðreks saga af Bern* 1984:337-338)

Nafnið Appollonius minnir óneitanlega á gríska guðinn Apollon, sem var sonur Seifs og Letóar. Apollon var guð bogfimi, spádóma og hljóðfærasláttar. Hann var verndari skáldsagnarlistar og söngs (Jón Gíslason 1944:124-126). Apollon var elskaður og dáður og ákaflega fíngerður. Hann er því um margt alger andstæða Appolloniusar. Kannski er það einmitt tilgangur höfundar *Piðreks sögu* að skapa persónu, sem á fátt sameiginlegt með guðinum gríska nema nafnið.

7 Lokaorð

Hér hafa verið teknar til meðferðar þær fornaldar- og riddarasögur, sem að mati höfundar hafa að geyma erórískar lýsingar, í samræmi við þá skilgreiningu sem sett var fram í upphafi þessa greinarkorns. Þessar sögur eru tólf talsins. Þetta eru fimm fornaldarsögur: *Bósa saga og Herrauds*, *Hrólfs saga Gautrekssonar*, *Sturlaugs saga starfsama*, *Hjálmþés saga og Ölvis* og *Örvar-Odds saga*. Sjö þeirra eru riddarasögur, þar af fjórar frumsamdar. Þær eru: *Sigurðar saga þögla*, *Mírmanns saga*, *Flóres saga konungs og sona hans* og *Klári saga*, þó efni hennar sé upphaflega komið af latneskri sögn. Af þýddu riddarasögnum eru tvær úr *Piðreks sögu af Bern*, sem er þýdd úr þýzku, en þær eru *Írons þáttur jarls* og *Þáttur af Apollonius og Herborgu*. Til samanburðar er skáldsögu Árna

Bergmanns, *Þorvaldur víðförli*, getið sérstaklega enda skyldleiki hennar við *Bósa sögu* ótvíræður. Að auki er vitnað í fáeinar aðrar, samhengisins vegna.

Hvað er það sem einkennir þessar sögur? Það er einkum þrennt sem kemur uppí hugann: Hugmyndaauðgi, fjölbreytni og kátlegar lýsingar. Fjölbreytnin er slík að örðugt er að benda á einhver sameiginleg einkenni með þessum lýsingum. Þó meykóngasögur eigi margt sameiginlegt eru erótískar lýsingar í þeim hverjar með sínum hætti.

Fornaldar- og riddarasögur hafa verið alþýðuskemmtun síns tíma enda vinsældir þeirra ótvíræðar lengi fram eftir öldum. Erótískar lýsingar eru óhjákvæmilegur hluti af þessu skemmtiefni og þarf að sjálfsögðu ekki að koma á óvart. Kynlífið er nú einu sinni hluti af okkar daglega lífi.

Maður hefur það á tilfinningunni að erótískar lýsingar í því fjölbreytilega skemmtiefni, sem framleitt er á ári hverju á okkar dögum, séu öllu fábreyttari og mun nær því að kallast klám. Ellegar þá, að slíkar lýsingar í sögum jafnt sem kvikmyndum, séu svo teprulegar og væmnar og gjörsneyddar öllum húmor. Kannski eru það þær leiksýningar, sem jafnan hafa verið taldar til farsa, sem komast næst því að vera alþýðuskemmtun á borð við fornaldar- og riddarasögur. Þó efni þeirra geti verið margbreytilegt og skemmtilegt eru þær engu að síður fjarska formúlukenndar. Framhjáald og misskilningur er gegnumgangandi tema í försunum.

Fornaldar- og riddarasögur njóta ekki jafn mikilla vinsælda eins og áður, enda framboð af hvers kyns afþreyingu meiri og fjölbreyttari að formi, en ef til vill ekki innihaldi. Er unnt að endurvekja þennan áhuga? Er hægt að gera þær þannig úr garði að þær höfði til yngra fólks, sérlega ef við höfum í huga vinsældir hvers kyns vísindaskáldsagna og fantasía sem samið er fyrir yngri lesendur? Sumir hugmyndaárkir rithöfundar og myndlistarmenn hafa gjört myndasögur upp úr þekktum Íslendingasögum, sem ætlað er að vekja áhuga yngra fólks á slíku lesefni. Sjálfur kynntist ég heimsbókmenntunum á þennan hátt, en það var þegar kom út myndasöguflokkurinn *Sígildar sögur með myndum*. Mætti ekki reyna eitthvað svipað með fornaldar- og riddarasögur?

Heimildaskrá

Árni Bergmann. 1995. *Porvaldur víðförli* : skáldsaga. Mál og menning, Reykjavík.

Árni Björnsson. 1996. *Merkisdagar á mannsævinni*. Mál og menning, Reykjavík.

Bakhtín, Mikhail M. 2005. *Orðlist skáldsögunnar* : úrval greina og bókakafla.
Jón Ólafsson þýddi. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Bósa saga og Herrauds. 1971. Árni Björnsson bjó til prentunar. Myndskreyting eftir Audun Hetland. Steingrímur Gunnarsson, [Reykjavík].

Bósa saga og Herrauds. 1996. Sverrir Tómasson bjó til prentunar og skrifaði eftirmála. Tryggvi Ólafsson myndskreytti. Mál og menning, Reykjavík.

Brundage, James A. 2000. „Sex and canon law“.

Í: *Handbook of medieval sexuality*. (s. 33-50)

Edited by Vern L. Bullough and James A. Brundage. Garland publishing, New York.

Driscoll, Matthew James. 1990. „Þögnin mikla. Hugleiðingar um riddarasögur og stöðu þeirra í íslenskum bókmenntum“. Í: *Skáldskaparmál 1* : tímarit um íslenskar bókmenntir fyrri alda. (s. 157-168) Stafaholt, Reykjavík.

Finke, Laurie A. 2000. „Sexuality in medieval french literature“.

Í: *Handbook of medieval sexuality*. (s. 345-368)

Edited by Vern L. Bullough and James A. Brundage. Garland publishing, New York.

Fornaldarsögur Norðurlanda 3. 1889. Búið hefur til prentunar Valdimar Ásmundarson. Sigurður Kristjánsson, Reykjavík.

Fornaldarsögur Norðurlanda 1-4. 1981. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Íslendingasagnaútgáfan, [Reykjavík].

Helga Kress. 1996. *Fyrir dyrum fóstru* : konur og kynferði í íslenskum fornþékkmenntum. Háskóli Íslands; Rannsóknastofa í kvennafræði, Reykjavík.

Helga Kress. 1993. *Máttugar meyar* : íslensk fornþékkmenntasaga. Háskólaútgáfan, Reykjavík.

Hermann Pálsson. 1962. *Sagnaskemmtun Íslendinga*. Mál og menning, Reykjavík.

Hugrún Hrönn Ólafsdóttir. 1997. „Hlegið og grátið. Af óhreinum meyjum á miðöldum“. Í: *Mímir* : blað Félags stúdenta í íslenskum fræðum, 45. 36. árg. (s. 14-25)

Hugtök og heiti í þékkmenntafræði. 1989. Jakob Benediktsson ritstýrði. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands; Mál og menning, Reykjavík.

Íslenzk fornrit 12. 1954. Brennu-Njáls saga. Einar Ól. Sveinsson gaf út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.

Íslenzk fornrit 15, 2 : Biskupasögur, 1. 2003. Ritstjóri: Jónas Kristjánsson. Sigurgeir Steingrímsson, Ólafur Halldórsson og Peter Foote gáfu út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.

Íslensk orðabók : handa skólum og almenningi. 1983. Ritstjóri: Árni Böðvarsson. Önnur útgáfa, aukin og bætt. Bókaútgáf Menningarsjóðs, Reykjavík.

Íslensk orðabók 1. 2002. Ritstjóri: Mörður Árnason. Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt. Edda, Reykjavík.

Íslenzkt fornbréfasafn : sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland og íslenska menn. Sjötta bindi 1245-1491. 1900-1904. Hið íslenska bókmentafélag, Reykjavík.

Járnsíða og kristinréttur Árna Þorlákssonar. 2005. Útgefendur Haraldur Bernharðsson, Magnús Lyngdal Magnússon, Már Jónsson. Sögufélag, Reykjavík.

Jómsvíkinga saga. 1969. Ólafur Halldórsson bjó til prentunar. Prentsmiðja Jóns Helgasonar, Reykjavík.

Jón Gíslason. 1944. *Goðafræði Grikkja og Rómverja* : forsögualdir, trúarbragðaþróun, guðir og hetjur. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Jónas Jónasson. 1961. *Íslenzkir þjóðhættir*. Einar Ól. Sveinsson bjó undir prentun. Þriðja útgáfa. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

Kalinke, Marianne E. 1986. „The misogynous maiden kings of icelandic romance“. Í: *Scripta Islandica*. (s. 47-71) Ísländska sällskapets ársbok 37/1986. Redigerad av Claes Åneman. Almqvist & Wiksell international, Stockholm.

Karras, Ruth Mazo. 2007. *Sexuality in medieval Europe* : doing unto others. Routledge, New York.

„Kormáks saga“. 1939. Í: *Íslenzk fornrit*, 8. Einar Ól. Sveinsson gaf út. Hið íslensk fornritafélag, Reykjavík.

„Kormáks saga“. 1987. Í: *Íslendinga sögur og þættir 2*. Svart á hvítu, Reykjavík.

Laxdæla saga : með formála, skýringum og skrám. 1999. Sígildar sögur 3. Aðalsteinn Eyþórsson og Bergljót S. Kristjánsdóttir önnuðust útgáfuna. Mál og menning, Reykjavík.

- Magnús Stefánsson. 1992. „Seksualitet og synd i middelalderen“. Í: *Liv og helse i middelalderen*. (s. 49-60) Onsdagskvelder i Bryggens Museum 6. Redaktör: Ingvild Öye. Bryggens Museum.
- Murray, Jacqueline. 2000. „Twice marginal and twice invisible. Lesbians in the middle ages“. Í: *Handbook of medieval sexuality*. (s. 191-222) Edited by Vern L. Bullough and James A. Brundage. Garland publishing, New York.
- Njáls saga*. 2002. Titill: *Brennu-Njáls saga* : með formála, skýringum og eftirmála um Íslendinga sögur. Síggildar sögur 1. Umsjón með þessari útgáfu Örnólfur Thorsson. Mál og menning, Reykjavík.
- Riddarasögur 1-6*. 1982. Bjarni Vilhjálmsson bjó til prentunar. Íslendingasagnaútgáfan; Haukadalsútgáfan, [Reykjavík].
- Sigurður Nordal. 1970. *Um íslenskar fornsögur*. Árni Björnsson þýddi. Mál og menning, Reykjavík.
- Sigurður Nordal. 1996. *Samhengi og samtíð 1*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Skirbekk, Gunnar. 1999. *Heimspækisaga*. Meðhöfundur: Nils Gilje. Stefán Hjörleifsson þýddi. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Snorri Sturluson. 1996. *Edda* : Snorra Sturlusonar. Heimir Pálsson bjó til prentunar. Mál og menning, Reykjavík.
- Steinþór Þórðarson. 1970. *Nú – Nú* : bókin sem aldrei var skrifuð. Minningar Steinþórs Þórðarsonar á Hala í Suðursveit. Stefán Jónsson sá um útgáfuna. Bókaútgáfa Guðjónsó, Reykjavík.
- Sturlaugs saga starfsama*. 1969. The two versions of Sturlaugs saga starfsama : a decipherment, edition, and translation of a fourteenth century icelandic mythical-heroic saga. By Otto J. Zitzelsberger. Michael Triltsch, Düsseldorf.
- Sturlunga saga*. 1988. Ritstjóri Örnólfur Thorsson. Svart á hvítu, Reykjavík.
- Sveinbjörn Rafnsson. 1982. „Skriftaboð Þorláks biskups“. Í: *Gripla 5*. (s. 77-114) Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.
- Sverrir Tómasson. 1989. „Hugleiðingar um horfna bókmenntagrein“. Í: *Tímarit Máls og menningar*. 50. árg. 2.hefti. (s. 211-226)
- Thor Vilhjálmsson. 1959. *Undir gervitungli* : ferðapættir. Helgafell, Reykjavík.
- Torfi H. Tulinius. 1990. „Landafraeði og flokkun fornsagna“. Í: *Skáldskaparmál 1* : tímarit um íslenskar bókmenntir fyrri alda. (s. 142-156) Stafaholt, Reykjavík.

Torfi H. Tulinius. 1993. “Kynjasögur úr fortíð og framandi löndum.“
Í: *Íslensk bókmenntasaga 2.* (s. 165-245) Mál og menning, Reykjavík.

Úlfhams saga. 2001. Aðalheiður Guðmundsdóttir sá um útgáfuna og ritaði inngang.
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.

Þiðreks saga af Bern. 1984. Guðni Jónsson bjó til prentunar.
Íslendingasagnaútgáfan, Reykjavík.

Þorbjörg Arnórsdóttir 14.9. 2008. Rafbréf.

Þórbergur Þórðarson. 1975. *Í Suðursveit.* Mál og menning, Reykjavík.